

	I	EES-STOFNANIR	
	1.	Sameiginlega EES-nefndin	
	II	EFTA-STOFNANIR	
	1.	Fastanefnd EFTA-ríkjanna	
	2.	Eftirlitsstofnun EFTA	
2015/EES/44/01		Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 271/14/COL frá 9. júlí 2014 um nítugustu og sjöundu breytingu á málsmeðferðar- og efnisreglum á sviði ríkisaðstoðar sem felur í sér að samþykktar eru nýjar leiðbeinandi reglur um rannsóknir, þróun og nýsköpun. . .	1
	3.	EFTA-dómstóllinn	
	III	ESB-STOFNANIR	
	1.	Framkvæmdastjórnin	
2015/EES/44/02		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.7477 – Halliburton/Baker Hughes)	32
2015/EES/44/03		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.7566 – Mond/Walki Assets)	33
2015/EES/44/04		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.7585 – NXP Semiconductors/Freescale Semiconductor)	34
2015/EES/44/05		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.7631 – Royal Dutch Shell/BG Group)	35
2015/EES/44/06		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.7649 – Varo/Argos DSE/Vitol/Carlyle/Reggeborgh)	36
2015/EES/44/07		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.7661 – Archer Daniels Midland Company/Eaststarch) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	37
2015/EES/44/08		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.7663 – DTZ/Cushman & Wakefield)	38
2015/EES/44/09		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.7676 – GKN/Fokker) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	39

2015/EES/44/10	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.7680 – DCC Group/Butagaz) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð . . .	40
2015/EES/44/11	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.7722 – 3i Group/AMP Capital Investors/ESVAGT) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	41
2015/EES/44/12	Upphaf málsmeðferðar (mál M.7567 – Ball/Rexam)	42
2015/EES/44/13	Upphaf málsmeðferðar (mál M.7630 – FedEx/TNT Express)	42
2015/EES/44/14	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.7330 – Mitsubishi Heavy Industries/Siemens/Metal Technologies JV)	43
2015/EES/44/15	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.7576 – Jacquet Metal Service/Schmolz Bickenbach Steel Distribution Business)	43
2015/EES/44/16	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.7664 – Schibsted Distribusjon/Amedia Distribusjon/Helthjem)	44
2015/EES/44/17	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.7667 – Danaher/Pall)	44
2015/EES/44/18	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.7674 – Talanx/Nord/LB/Caplantic)	45
2015/EES/44/19	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.7681 – Cinven Capital Management/Labco)	45
2015/EES/44/20	Yfirlit um ákvarðanir Evrópusambandsins um markaðsleyfi fyrir lyfjum frá 1. júní til 30. júní 2015	45

EFTA-STOFNANIR

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

ÁKVÖRDUN EFTIRLITSSTOFNUNAR EFTA

2015/EES/44/01

271/14/COL

frá 9. júlí 2014

um nítugustu og sjöundu breytingu á málsmeðferðar- og efnisreglum á sviði ríkisaðstoðar sem felur í sér að samþykktar eru nýjar leiðbeinandi reglur um rannsóknir, þróun og nýsköpun

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRDUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 61. til 63. gr. og bókunar 26,

með vísan til samnings milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls („samningurinn um eftirlitsstofnun og dómstól“), einkum staflíðar b) í 2. mgr. 5. gr. og 24. gr. og 1. gr. í I. hluta bókunar 3,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Samkvæmt 24. gr. samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól ber Eftirlitsstofnun EFTA að koma ákvæðum EES-samningsins um ríkisaðstoð til framkvæmda.

Samkvæmt staflíð b) í 2. mgr. 5. gr. samningsins um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls ber Eftirlitsstofnun EFTA að gefa út auglýsingar eða leiðbeinandi reglur um mál sem EES-samningurinn fjallar um ef sá samningur eða samningurinn um eftirlitsstofnun og dómstól kveður skýrt á um slíkt eða stofnunin álitur það nauðsynlegt.

Hinn 21. maí 2014 birti framkvæmdastjórn Evrópusambandsins „Orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar – Rammaákvæði um ríkisaðstoð til rannsókna, þróunar og nýsköpunar“⁽¹⁾. Í rammaákvæðunum er greint frá því með hvaða skilyrðum opinber fjármögnun á rannsóknum, þróun og nýsköpun getur falið í sér ríkisaðstoð og ef hún felur í sér ríkisaðstoð skilyrði fyrir samrýmanleika hennar. Þau gilda til 1. júlí 2014.

Þessi rammaákvæði varða einnig Evrópska efnahagssvæðið.

Tryggja ber að EES-reglum um ríkisaðstoð sé beitt á sama hátt hvarvetna á Evrópska efnahagssvæðinu í samræmi við það markmið, sem sett er í 1. gr. EES-samningsins, að mynda einsleitt efnahagssvæði.

Samkvæmt ákvæðum II. liðar undir fyrirsögninni „ALMENNT“ í lok XV. viðauka við EES-samninginn ber Eftirlitsstofnun EFTA, að höfðu samráði við framkvæmdastjórnina, að samþykkja nýjar leiðbeinandi reglur sem samsvara þeim sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur samþykkt.

Samráð hefur verið haft við framkvæmdastjórn Evrópusambandsins.

Samráð hefur verið haft við EFTA-ríkin með bréfi dagsettu 26. júní 2014 um þetta efni.

⁽¹⁾ Stjóri. ESB C 198, 27.6.2014, bls.1.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Efnisreglum á sviði ríkisaðstoðar breytast þannig að felldar eru inn nýjar leiðbeinandi reglur um rannsóknir, þróun og nýsköpun. Nýju leiðbeinandi reglurnar fylgja þessari ákvörðun sem viðauki og eru óaðskiljanlegur hluti hennar.

2. gr.

Fullgild er aðeins ensk útgáfa þessarar ákvörðunar.

Gjört í Brussel 9. júlí 2014

Fyrir hönd Eftirlitsstofnunar EFTA

Oda Helen Sletnes

Forseti

Helga Jónsdóttir

Stjórnarmaður

VIÐAUKI

Ríkisaðstoð til rannsókna, þróunar og nýsköpunar ⁽¹⁾

Efni

Inngangur

1. **Gildissvið og skilgreiningar**
 - 1.1. **Gildissvið**
 - 1.2. **Aðstoðarráðstafanir sem falla undir þessar leiðbeinandi reglur**
 - 1.3. **Skilgreiningar**
2. **Ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins**
 - 2.1. **Rannsókn- og þekkingarmiðlunarstofnanir og rannsóknainnviðir sem viðtakendur ríkisaðstoðar**
 - 2.1.1. *Opinber fjármögnun á starfsemi sem ekki er af efnahagslegum toga*
 - 2.1.2. *Opinber fjármögnun á atvinnustarfsemi*
 - 2.2. **Óbein ríkisaðstoð sem rennur gegnum rannsókn- og þekkingarmiðlunarstofnanir og rannsóknainnviði sem njóta opinberra styrkja**
 - 2.2.1. *Rannsóknir í þágu fyrirtækja (rannsóknir í verktöku eða rannsóknþjónusta)*
 - 2.2.2. *Samstarf við fyrirtæki*
 - 2.3. **Opinber innkaup á þjónustu í tengslum við rannsóknir og þróun**
3. **Sameiginlegar matsreglur**
4. **Mat á samrýmanleika aðstoðar til rannsókna, þróunar og nýsköpunar**
 - 4.1. **Framlag til vel skilgreinds markmiðs um sameiginlega hagsmuni**
 - 4.1.1. *Almenn skilyrði*
 - 4.1.2. *Viðbótarskilyrði fyrir stakri aðstoð*
 - 4.2. **Nauðsyn á afskiptum ríkisvaldsins**
 - 4.2.1. *Almenn skilyrði*
 - 4.2.2. *Viðbótarskilyrði fyrir stakri aðstoð*
 - 4.3. **Hversu viðeigandi aðstoðarráðstöfunin er**
 - 4.3.1. *Hvort önnur stjórnþæki geta verið viðeigandi*
 - 4.3.2. *Hvort önnur stjórnþæki aðstoðar geta verið viðeigandi*
 - 4.4. **Hvatningaráhrif**
 - 4.4.1. *Almenn skilyrði*
 - 4.4.2. *Viðbótarskilyrði fyrir stakri aðstoð*

⁽¹⁾ Þessar leiðbeinandi reglur samsvara orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar um rammaákvæði um ríkisaðstoð til rannsókna, þróunar og nýsköpunar (Stjtið. ESB C 198, 27.6.2014, bls. 1).

4.5. Umfang aðstoðar

4.5.1. Almenn skilyrði

4.5.2. Viðbótarskilyrði fyrir stakri aðstoð

4.6. Komið í veg fyrir ótilhlýðileg, neikvæð áhrif á samkeppni og viðskipti

4.6.1. Almenn atriði

4.6.2. Aðstoðarkerfi

4.6.3. Viðbótarskilyrði fyrir stakri aðstoð

4.7. Gagnsæi**5. Mat****6. Skýrslugjöf og vöktun****7. Gildissvið****8. Endurskoðun**

I. viðbætur – Aðstoðarhæfur kostnaður

II. viðbætur – Hámarkshlutföll aðstoðar

INNGANGUR

1. Til að koma í veg fyrir að ríkisstyrkir raski samkeppni á Evrópska efnahagssvæðinu („EES“) og hafi áhrif á viðskipti milli aðilanna að EES-samningnum („samningsaðilar“) á þann hátt að stríði gegn sameiginlegum hagsmunum er í 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins kveðið á um meginregluna um bann við ríkisaðstoð. Í ákveðnum tilvikum getur slík aðstoð þó samrýmt framkvæmd EES-samningsins á grundvelli 2. og 3. mgr. 61. gr.
2. Í staflíð f) í 2. mgr. 1. gr. og í 78. gr. EES-samningsins er mælt fyrir um það mikilvæga markmið fyrir Evrópska efnahagssvæðið að stuðlað sé að rannsóknum, þróun og nýsköpun sem aftur kallar á samvinnu samningsaðilanna á þessu sviði ⁽²⁾. Helstu markmiðin eru að styrkja vísindalegan og tæknilegan grundvöll iðnaðar í Evrópu og hvetja til aukinnar samkeppnishæfni hans á alþjóðavettvangi.
3. Í áætluninni Evrópa 2000 tilgreinir framkvæmdastjórn Evrópusambandsins („framkvæmdastjórnin“) ⁽³⁾ rannsóknir og þróunarstarfsemi sem lykilaflvaka til þess að ná markmiðum snjallhagvaxtar, sjálfbærs hagvaxtar og hagvaxtar fyrir alla. Í því skyni setur framkvæmdastjórnin fram höfuðmarkmiðið um að 3% af vergrí landsframleiðslu Evrópusambandsins verði varið í fjárfestingar í rannsóknum og þróun eigi síðar en 2020. Til að efla framfarir á sviði rannsókna, þróunar og nýsköpunar, er í stefnumörkun Evrópu fyrir 2020 einkum lögð áhersla á forystuverkefnið „Nýsköpun í Sambandinu“ ⁽⁴⁾ sem miðar að því að bæta rammaskilyrði og aðgang að fjármagni fyrir rannsóknir og nýsköpun til að tryggja að nýsköpunarhugmyndir verði að vörum og þjónustu sem skapa vöxt og atvinnu ⁽⁵⁾. Í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar um Evrópu 2020 kemur fram að stefna um ríkisaðstoð geti „á virkan og jákvæðan hátt stuðlað að (...) með því að efla og styðja framtaksverkefni fyrir nýstárlegri, skilvirkari og grænni tækni en greiða jafnframt fyrir aðgangi að opinberum stuðningi fyrir fjárfestingar, áhættufjármagn og fjármagn til rannsókn- og þróunarstarfsemi“.
4. Þótt almennt sé viðurkennt að samkeppnismarkaðir hafi tilhneigingu til að skila betri niðurstöðu þegar litið er til verðs, framleiðslu og nýtingar framleiðsluþátta geta afskipti ríkisins þegar um markaðsbresti er að ræða ⁽⁶⁾ orðið til þess að bæta starfsemi markaða og þannig stuðlað að snjallhagvexti, sjálfbærum hagvexti og hagvexti fyrir alla. Með tilliti til rannsókna, þróunar og nýsköpunar geta markaðsbrestir t.d. orðið vegna þess að markaðsaðilar taka alla jafna ekki tillit til jákvæðra úthrifa á aðra aðila atvinnulífsins og hefjast því handa við starfsemi á sviði rannsókna, þróunar og nýsköpunar sem of veigalítil útfra sjónarhorni samfélagsins. Á sama hátt geta verkefni á sviði rannsókna, þróunar og nýsköpunar liðið fyrir ófullnægjandi aðgang að fjármagni (vegna ójafns aðgangs að upplýsingum) eða skorts á samhæfingu milli fyrirtækja. Því getur aðstoð til rannsókna, þróunar og nýsköpunar samrýmt framkvæmd EES-samningsins þar sem telja má að hún ráði bót á markaðsbresti með því að stuðla að framkvæmd mikilvægs verkefnis í þágu sameiginlegra evrópskra hagsmuna eða greiða fyrir þróun tiltekinnar atvinnustarfsemi og svo fremi að röskun á samkeppni af völdum hennar stríði ekki gegn sameiginlegum hagsmunum.
5. Aðstoð til rannsókna, þróunar og nýsköpunar má einkum réttlæta á grundvelli staflíða b) og c) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins en samkvæmt þeim getur Eftirlitsstofnun EFTA talið að ríkisaðstoð sé samrýmanleg framkvæmd EES-samningsins ef hún er til að hrinda í framkvæmd mikilvægum evrópskum hagsmunamálum eða til að greiða fyrir þróun ákveðinna greina efnahagslífsins enda hafi hún ekki svo óhagstæð áhrif á viðskiptaskilyrði að stríði gegn sameiginlegum hagsmunum.

⁽²⁾ Fjallað er ítarlega um rannsóknir og þróun í bókun 31 við EES-samninginn. Sjá nánari upplýsingar á: <http://www.efta.int/eea/policy-areas/flanking-horizontal-policies/research-innovation>

⁽³⁾ Orðsending framkvæmdastjórnarinnar - „Evrópa 2020 – stefnumörkun um snjallhagvöxt, sjálfbæran hagvöxt og hagvöxt fyrir alla“, COM(2010) 2020 lokagerð, 3.3.2010.

⁽⁴⁾ Orðsending framkvæmdastjórnarinnar til Evrópuþingsins, ráðsins, efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins og svæðanefndarinnar undir yfirskriftinni „Forystuverkefni áætlunarinnar Evrópa 2020 – Nýsköpun í Sambandinu“ innan áætlunarinnar Evrópa 2020 COM(2010) 546 lokagerð, 6.10.2010.

⁽⁵⁾ Heildarútgjöld vegna rannsókna og þróunar í Evrópusambandinu (þar af eru ríflega 1/3 opinber útgjöld og 2/3 útgjöld einkaaðila) námu 2,06% af vergrí landsframleiðslu 2012 og hækkuðu um 0,24 prósentustig frá 2005 (Hagtölur frá Hagstofu Evrópusambandsins, EUROSTAT, um meginvísibenda: http://epp.eurostat.ec.europa.eu/portal/page/portal/europe_2020_indicators/headline_indicators). Jafnvel þótt útgjöld einkaaðila vegna rannsókna og þróunar, sem hluti vergrar landsframleiðslu, hafi aukist lítillega frá 2008 er þó mikill mismunur á aðildarríkjum ESB, iðngreinum og einstökum aðilum (framkvæmdastjórn Evrópusambandsins - „Árangur af rannsóknum og nýsköpun í aðildarríkjum ESB og samstarfslöndum 2013“).

⁽⁶⁾ Hugtakið „markaðsbrestur“ vísar til aðstæðna þar sem markaðurinn, sé hann látinn óáreittur, leiðir að öllum líkindum ekki til hagkvæmstu niðurstöðu.

6. Í orðsendingu sinni um að færa ríkisaðstoð í nútímahorf⁽⁷⁾ tilkynnti framkvæmdastjórnin um þrenns konar markmið sem bæri að fylgja við að gera eftirlit með ríkisaðstoð nútímalegri:
- stuðla að sjálfbærum hagvexti, snjallhagvexti og hagvexti fyrir alla á innri samkeppnimarkaði,
 - leggja áherslu á athugun fyrirfram á málum sem hafa mest áhrif á innri markaðinn en styrkja jafnframt samvinnu við aðildarríkin um framfylgd reglna um ríkisaðstoð,
 - einfalda reglur og hraða ákvörðunarferlinu.
7. Einkum hvatti framkvæmdastjórnin til þess að við endurskoðun á mismunandi leiðbeinandi reglum og rammaákvæðum yrði sameiginlegri nálgun fylgt sem tæki mið af því að styrkja innri markaðinn, stuðla að betri notkun á opinberum fjármunum, með því að sjá til þess að ríkisaðstoð sé frekar úthlutað til málefna sem varða sameiginlega hagsmuni, og athuga betur hvatningaráhrif hennar, hvort hún er takmörkuð við það sem nauðsynlegt er og hvort hún hafi mögulega neikvæð áhrif á samkeppni og viðskipti. Eftirlitsstofnun EFTA styður framtaksverkefni framkvæmdastjórnarinnar um að gera ríkisaðstoð nútímalegri. Þar af leiðir að skilyrði fyrir samrýmanleika sem sett eru fram í þessum leiðbeinandi reglum grundvallast á sameiginlegri nálgun.

1. Gildissvið og skilgreiningar

1.1. Gildissvið

8. Meginreglurnar, sem settar eru fram í þessum leiðbeinandi reglum, gilda um aðstoð til rannsókna, þróunar og nýsköpunar í öllum atvinnugreinum sem falla undir EES-samninginn. Þær gilda því um greinar sem falla undir sérreglur um ríkisaðstoð nema kveðið sé á um annað í þeim reglum.
9. Miðstýrð fjármögnun sem stofnanir, skrifstofur eða sameiginleg fyrirtæki Evrópusambandsins hafa með höndum eða aðrar alþjóðastofnanir, sem ekki eru undir beinni eða óbeinni stjórn EFTA-ríkjanna⁽⁸⁾, felur ekki í sér ríkisaðstoð. Ef slík fjármögnun er sameinuð ríkisaðstoð er eingöngu tekið mið af hinni síðarnefndu til að ákvarða hvort viðmiðunarmörk og hámarkshlutföll aðstoðarinnar eru virt eða hvort þörf er á samrýmanleikamati með tilliti til þessara leiðbeininga.
10. Aðstoð til rannsókna, þróunar og nýsköpunar, sem rennur til illa staddra fyrirtækja, eins og skilgreint er í leiðbeiningum Eftirlitsstofnunar EFTA um ríkisaðstoð til björgunar og endurskipulagningar í illa stöddum fyrirtækjum⁽⁹⁾, með áorðnum breytingum, er útilokuð frá gildissviði þessara leiðbeinandi reglna.
11. Þegar Eftirlitsstofnun EFTA metur aðstoð til rannsókna, þróunar og nýsköpunar sem veitt hefur verið aðstoðarþega, sem hefur verið krafinn um endurgreiðslu á aðstoð samkvæmt fyrri ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA þar sem henni er lýsti sem ólögmati og ósamrýmanlegri framkvæmd EES-samningsins, mun stofnunin taka mið af fjárhæðinni sem enn á eftir að endurgreiða⁽¹⁰⁾.

1.2. Aðstoðarráðstafanir sem falla undir þessar leiðbeinandi reglur

12. Eftirlitsstofnun EFTA hefur tekið saman lista yfir nokkrar ráðstafanir á sviði rannsókna, þróunar og nýsköpunar, sem hugsanlegt er að geti, við sérstakar aðstæður, samrýmst framkvæmd EES-samningsins:
- aðstoð til verkefna á sviði rannsókna og þróunar** þar sem sá hluti rannsóknarverkefnisins sem fær aðstoð fellur undir flokkana grunnrannsóknir og hagnýtar rannsóknir, en hægt er að skipta þeim síðarnefnda í iðnaðarrannsóknir og þróunarstarf⁽¹¹⁾. Slík aðstoð beinist aðallega

⁽⁷⁾ Orðsending framkvæmdastjórnarinnar til Evrópuþingsins, ráðsins, efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins og svæðanefndarinnar - „Ríkisaðstoð ESB færð í nútímahorf“, COM(2012) 209 lokagerð, 8.5.2012.

⁽⁸⁾ Til dæmis fjármögnun sem veitt er innan ramma Horizon 2020 eða áætlunar ESB um samkeppnishæfni fyrirtækja og litilla og meðalstórra fyrirtækja (COSME). Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1291/2013 frá 11. desember 2013 um að koma á fót Horizon 2020 – rammaáætlun um rannsóknir og nýsköpun (2014–2020) og um niðurfellingu á ákvörðun nr. 1982/2006/EB (Stjtið. ESB L 347, 20.12.2013, bls. 104), var felld inn í bókun 31 við EES-samninginn sem 1. liður með ákvörðun 109/2014 frá 16.5.2014 (hefur enn ekki verið birt). COSME er ein af þeim áætlunum ESB sem eru í skoðun eða sem fyrirhugað er að fella inn í EES-samninginn. Heildarlista áætlana sem hugsanlega eru áhugaverðar með tilliti til EES-samningsins er að finna á: <http://www.efta.int/eea/eu-programmes>

⁽⁹⁾ Aðstoð til björgunar og endurskipulagningar í illa stöddum fyrirtækjum (Stjtið. ESB L 97, 15.4.2005, bls. 41 og EES-viðbætur nr. 18, 14.4.2005, bls. 1), eins og hún var framlengd með ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA nr. 438/12/COL (Stjtið. ESB L 190, 11.7.2013, bls. 91 og EES-viðbætur nr. 40, 11.7.2013, bls. 15).

⁽¹⁰⁾ Sjá sameinuð mál T-244/93 og T-486/93 *TWD Textilwerke Deggendorf GmbH* gegn framkvæmdastjórn, dómasafn 1995, bls. II-02265.

⁽¹¹⁾ Eftirlitsstofnun EFTA lítur svo á að gagnlegt sé að gera greinarmun á mismunandi tegundum af rannsókn- og þróunar- og nýsköpunarstarfsemi enda þótt starfsemi geti byggst á gagnvirku nýsköpunarferli fremur en línulegu ferli.

að þeim markaðsbresti sem tengist jákvæðum úthrifum (þekkingarsmiti) en getur einnig unnið bug á markaðsbresti sem stafar af ófullnægjandi upplýsingum og ójöfnum aðgangi að upplýsingum eða samhæfingarbresti (einkum í samstarfsverkefnum),

- b) *aðstoð til hagkvæmniathugana* í tengslum við rannsókn- og þróunarverkefni sem miða að því að ráða bót á markaðsbresti sem einkum tengist ófullnægjandi upplýsingum og ójöfnum aðgangi að upplýsingum,
- c) *aðstoð til byggingar og endurnýjunar á innviðum rannsókna* sem beinist einkum að markaðsbresti sem stafar af samhæfingarerfiðleikum. Hágæða rannsóknainviðir eru í æ ríkara mæli nauðsynlegir fyrir rannsóknir sem marka tímamót þar sem þeir laða að vísindamenn hvaðanæva úr heiminum og eru t.d. nauðsynlegir fyrir upplýsinga- og fjarskiptatækni og stuðningstækni á lykilsviðum ⁽¹²⁾,
- d) *aðstoð til nýsköpunarstarfsemi* sem beinist einkum að þeim markaðsbrestum sem tengjast jákvæðum úthrifum (þekkingarsmiti), samhæfingarerfiðleikum og, í minna mæli, ójöfnum aðgangi að upplýsingum. Að því er varðar lítil og meðalstór fyrirtæki er hægt að veita slíka nýsköpunaraðstoð vegna skráningar og fullgildingar einkaleyfa og óefnislegra eigna og til að verja réttindi sem þeim fylgja, svo og vegna tímabundins láns á sérmenntuðu starfsfólki og til að kaupa ráðgjafarþjónustu og stoðþjónustu á sviði nýsköpunar. Til að hvetja stór fyrirtæki til að eiga í samstarfi við lítil og meðalstór fyrirtæki er, þegar um ræðir feril- eða skipulagstengda nýsköpun, einnig heimilt að veita bæði litlum og meðalstörum fyrirtækjum og stórum fyrirtækjum aðstoð vegna kostnaðar þeirra við slíka starfsemi,
- e) *aðstoð til nýsköpunarklasa* sem hefur það að markmiði að bæta úr markaðsbrestum sem tengjast skorti á samhæfingu sem hindrar uppbyggingu klasa eða takmarkar samskipti og þekkingarstreymi milli þeirra. Til þess að vinna bug á þessum vanda gæti ríkisaðstoð komið að gagni, í fyrsta lagi með því að stuðla að fjárfestingu í opnum og sameiginlegum grunnvirkjum fyrir nýsköpunarklasa, og í öðru lagi með því að stuðla, eigi lengur en í tíu ár, að rekstri klasa til að efla samvinnu, tengslamyndun og nám.

13. EFTA-ríkin verða að tilkynna um aðstoð til rannsókna, þróunar og nýsköpunar í samræmi við 3. mgr. 1. gr. bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómsól, að undanteknum þeim ráðstöfunum sem uppfylla skilyrðin sem mælt er fyrir um í hópundanþágureglugerðinni sem felld hefur verið inn í EES-samninginn.

14. Í þessum leiðbeinandi reglum er kveðið á um viðmið er lúta að samrýmanleika ríkisaðstoðarkerfa og stakrar aðstoðar á sviði rannsókna, þróunar og nýsköpunar sem falla undir tilkynningarkröfur og sem meta verður á grundvelli staflíðar c) í 3. mgr. 61. gr. EES- samningsins ⁽¹³⁾.

1.3. Skilgreiningar

15. Að því er varðar þessar leiðbeinandi reglur gilda eftirtaldar skilgreiningar:

- a. „sérstök aðstoð“: aðstoð sem ekki er veitt á grundvelli aðstoðarkerfis.
- b. „aðstoð“: hvers konar ráðstöfun sem samræmist viðmiðunum sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins.
- c. „aðstoðarhlutfall“: heildarfjárhæð aðstoðar sem hundradshluti af styrkhæfum kostnaði verkefnisins fyrir frádrátt vegna skatta eða annarra gjalda. Ef aðstoð er veitt á annan hátt en sem styrkur skal aðstoðarfjárhæðin vera styrkigildi aðstoðarinnar. Ef aðstoð er greidd út í áföngum skal núvirða hana til þess tíma sem hún var veitt. Vextirnir sem notaðir eru í þessu skyni eru afreiknivextirnir ⁽¹⁴⁾ í gildi á þeim tíma sem aðstoðin var veitt. Aðstoðarhlutfallið er reiknað sérstaklega fyrir hvern móttakanda aðstoðar.

⁽¹²⁾ Stuðningstækni á lykilsviðum er skilgreind og greind í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar til Evrópuþingsins, ráðsins, efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins og svæðanefndarinnar - „Aætlan Evrópu um stuðningstækni á lykilsviðum – Brú til vaxtar og atvinnu“, COM(2012) 341 lokagerð, 26.6.2012.

⁽¹³⁾ Viðmið fyrir greiningu á því hvort ríkisaðstoð til að hrinda í framkvæmd mikilvægum sameiginlegum evrópskum hagsmunamálum samrýmist framkvæmd EES-samningsins, þ.m.t. aðstoð til rannsókna, þróunar og nýsköpunar, verður að meta á grundvelli staflíðar b) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins. Eftirlitsstofnun EFTA er heimilt að láta í té leiðbeinandi reglur til að meta ríkisaðstoðarráðstafanir í þágu mikilvægra sameiginlegra evrópskra hagsmunamála sem samsvarar orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar - „Viðmið fyrir greiningu á því hvort ríkisaðstoð til að hrinda í framkvæmd mikilvægum sameiginlegum evrópskum hagsmunamálum samrýmist innri markaðinum“ (Stjtið. ESB C 188, 20.6.2014, bls. 4).

⁽¹⁴⁾ Sjá leiðbeinandi reglur Eftirlitsstofnunar EFTA um viðmiðunar- og afreiknivexti (Stjtið. ESB L 105, 21.4.2011, bls. 32 og EES-viðbætur nr. 23, 21.4.2011, bls. 1).

- d. „aðstoðarkerfi“: sérhver gerð sem leggja má, án frekari framkvæmdarráðstafana, til grundvallar því að veita fyrirtækjum, sem í gerðinni eru skilgreind á almennan og óhlutbundinn hátt, staka aðstoð og sérhver gerð sem leggja má til grundvallar því að veita einu eða fleiri fyrirtækjum staka aðstoð, sem er ekki bundin sérstöku verkefni.
- e. „hagnýtar rannsóknir“: iðnaðarrannsóknir, þróunarstarfsemi, eða hvers konar sameining hvorutveggja.
- f. „ótengdir aðilar“: skilyrði viðskipta milli samningsaðila eru ekki önnur en þau sem óháð fyrirtæki hefðu sett vegna viðskipta sín á milli og fela ekki í sér neitt leynilegt samráð. Öll viðskipti sem fylgja opnu, gagnsæju ferli án nokkurrar mismununar teljast fullnægja meginreglunni um viðskipti milli ótengdra aðila.
- g. „úthlutunardagur aðstoðar“: dagur sem aðstoðarþegi getur móttengið aðstoð löglega samkvæmt gildandi réttarreglum í landinu.
- h. „eiginlegt samstarf“: samstarf milli að minnsta kosti tveggja óháðra fyrirtækja um að skiptast á þekkingu eða tækni eða ná sameiginlegu markmiði á grundvelli verkaskiptingar þar sem samstarfsaðilar skilgreina sameiginlega umfang samstarfsverkefnisins, leggja sitt af mörkum til framkvæmdar verkefninu og deila með sér áhættunni og afrakstrinum af því. Einn samstarfsaðili eða nokkrir þeirra standa undir öllum kostnaði sem fellur til vegna verkefnisins þannig að aðrir samstarfsaðilar taka ekki neina fjárhaglega áhættu. Samningar um rannsóknir og ákvæði um þjónustu vegna rannsókna teljast ekki fela í sér samstarf.
- i. „þróun sem leiðir til einkaréttar“: opinber innkaup á rannsókn- og þróunarþjónustu þar sem allur ávinningur tilheyrir eingöngu samningsyfirvöldum eða samningstofnun sem getur notað hann í eigin starfsemi með því skilyrði að fullt verð sé greitt fyrir hana.
- j. „þróunarstarf“: öflun, samsetning, mótun og notkun eldri þekkingar og kunnáttu á sviði vísinda, tækni eða viðskipta eða annarrar viðeigandi þekkingar með það að markmiði að þróa nýjar eða endurbættar vörur, verkferla eða þjónustu. Hér getur einnig verið um að ræða, meðal annars, starfsemi sem miðast að hugmyndavinnu, skipulagningu og samantekt gagna sem snýr að nýjum vörum, verkferlum og þjónustu. Þróun getur einnig tekið til sköpunar frumgerða, sýniverkefna, tilraunaverkefna og til prófunar og gildingar á nýjum eða endurbættum vörum, verkferlum eða þjónustu í umhverfi sem er dæmigert fyrir raunveruleg rekstrarskilyrði þar sem meginmarkmiðið er að þróa frekar tækniumbætur á vörum, verkferlum eða þjónustu sem ekki hefur enn fengið endanlegt form. Undir þetta fellur einnig til þróun frumgerða og tilraunaverkefna sem geta nýst í viðskiptalegum tilgangi, ef óhjákvæmilega er um að ræða endanlega söluvöru og kostnaður við framleiðslu hennar er of hár til þess að hún verði notuð eingöngu í sýningar- og gildingarskyni. Undir þróun falla ekki venjulegar eða reglubundnar breytingar sem gerðar eru á vörum, framleiðslutækjum, framleiðsluferlum, þjónustu sem þegar er í boði og annarri yfirstandandi starfsemi, jafnvel þótt slíkar breytingar kunni að fela í sér endurbætur.
- k. „hagkvæmiathugun“: mat og greining á möguleikanum sem felst í verkefni sem miða að því að styðja við ákvörðunartökferlið með því að sýna á hlutlægan og rökstuddan hátt styrkleika þess og veikleika, tækifærin sem felast í því og áhættuna, og greina jafnframt þau tilföng sem nauðsynleg eru til að framkvæma það sem og horfurnar á því að það skili árangri.
- l. „yfirráðaréttur að fullu“: felur í sér að rannsóknastofnun, rannsóknainnviðir eða opinber innkaupsaðili hefur full efnahagsleg afnot af hugverkaréttindunum með því að halda ótakmörkuðum yfirráðum yfir þeim, og þá einkum eignarrétti og réttinum til að veita sérleyfi. Þessum skilyrðum kann einnig að vera fullnægt ef rannsóknastofnunin, eða rannsóknainnviðir (ef við á opinber innkaupsaðili) ákveða að gera fleiri samninga um þessi réttindi, meðal annars með því að selja samstarfsaðila (ef við á fyrirtækjum) sérleyfi á þeim.
- m. „grunnrannsóknir“: tilraunastarf og fræðilegt starf sem einkum er unnið í því skyni að afla nýrrar þekkingar á grundvallar orsökum fyrirbæra og staðreynda, án þess að nokkuð liggi fyrir um beina nýtingu þeirrar þekkingar í viðskiptaskyni.
- n. „vergt styrkigildi aðstoðar“: fjárhæð aðstoðar ef hún hefur verið veitt í formi styrks, fyrir frádrátt vegna skatta eða annarra gjalda.
- o. „sérfræðimenntað starfsfólk“: starfsfólk sem hefur að baki menntun á háskólastigi og að minnsta kosti fimm ára starfsreynslu sem getur einnig tekið til náms til doktorsprófs.

- p. „stök aðstoð“: aðstoð sem er veitt til tiltekins fyrirtækis og felur í sér sérstaka aðstoð og aðstoð sem veitt er á grundvelli aðstoðarkerfi.
- q. „iðnaðarrannsóknir“: skipulegar eða gagnrýnar rannsóknir sem hafa það að markmiði að afla nýrrar þekkingar og kunnáttu sem nýtist til að þróa nýjar vörur, verkferla eða þjónustu eða til að koma í kring umtalsverðum endurbótum á eldri vörum, verkferlum eða þjónustu. Undir þetta fellur vinna við gerð íhluta flókinna kerfa og getur tekið til smíði frumgerða í rannsóknastofuumhverfi eða í umhverfi með hermiskilflötum (e. simulated interfaces) við eldri kerfi og tilraunataki sem eru nauðsynleg í iðnaðarrannsóknum, einkum vegna fullgildingar á almennt aðgengilegri tækni.
- r. „ráðgjafarþjónusta á sviði nýsköpunar“: ráðgjöf, aðstoð og þjálfun að því er varðar yfirfærslu á tækniþekkingu, kaup, verndun og hagnýtingu á óefnislegum eignum og notkun á stöðlum og reglugerðum þar að lútandi.
- s. „nýsköpunarklasar“: skipulag eða skipulegir hópar sjálfstæðra aðila (á borð við nýskapandi sprotafyrirtæki, lítil, meðalstór og stór fyrirtæki, sem og stofnanir sem hafa með höndum rannsóknir og miðlun þekkingar, stofnanir sem ekki eru reknar í hagnaðarskyni og aðrir tengdir rekstraraðilar) sem ætlað er að örva nýsköpunarstarf með því að stuðla að samnýtingu á aðstöðu og skiptum á sérþekkingu og kunnáttu og með því að stuðla á skilvirkan hátt að yfirfærslu á þekkingu, tengslamyndun, upplýsingamiðlun og samstarfi meðal fyrirtækja og annarra stofnana í klasanum.
- t. „stoðþjónusta á sviði nýsköpunar“: útvegum á skrifstofurými, gagnaböndum, bókasöfnum, markaðsrannsóknum, rannsóknastofum, gæðamerkingu, prófun og vottun í því skyni að þróa skilvirkari vörur, verkferla eða þjónustu.
- u. „óefnislegar eignir“: eignir, sem ekki eru áþreifanlegar eða í formi fjármuna, á borð við einkaleyfi, leyfi, verkþekkingu eða önnur hugverkaréttindi.
- v. „yfirfærsla þekkingar“: hvert það ferli sem miðar að því að afla, safna saman og deila beinni og óbeinni þekkingu, þar með talin færni og hæfni í starfsemi bæði í atvinnustarfsemi og starfsemi sem ekki er rekin í hagnaðarskyni, á borð við samstarf í rannsóknum, ráðgjöf, sölu sérleyfisréttar, stofnun nýs fyrirtækis út úr félaginu, útgáfu og hreyfanleika starfsfólks sem tekur þátt í þessari starfsemi. Auk vísinda- og tækniþekkingar tekur það til annarrar tegundar þekkingar svo sem kunnáttu í að nota staðla og reglugerðir þar að lútandi og þekkingu á raunverulegum rekstrarskilyrðum og aðferðum skipulagstengdrar nýsköpunar, og einnig til þess að stjórna þekkingu sem tengist því að greina, afla, vernda, skilgreina og hagnýta óefnislegar eignir.
- w. „stór fyrirtæki“: fyrirtæki sem falla ekki undir skilgreininguna á litlum og meðalstórum fyrirtækjum.
- x. „hreinn aukinn kostnaður“: munurinn á áætluðu hreinu núvirði verkefnisins eða starfseminnar sem fær aðstoð og arðbærrar staðleysufjárfestingar sem aðstoðarþegi hefði hrundið í framkvæmd án aðstoðar.
- y. skipulagstengd nýsköpun“: upptaka nýrrar aðferðar við skipulagningu varðandi viðskiptahætti fyrirtækisins, skipulag á vinnustað eða samskipti út á við. Hún varðar ekki breytingar á aðferðum við skipulagningu sem þegar eru við lýði í fyrirtækinu, breytingar á stefnumörkun yfirstjórnar, samruna og yfirtöku, niðurfellingu verkferils, hreina endurnýjun framleiðslutækja eða viðbót við þau, breytingar sem stafa eingöngu af breytingum á verði aðfanga, sérframleiðslu, staðsetningu, reglulegum árstíðabundnum breytingum og öðrum lotubundnum breytingum, né heldur viðskipti með nýjar eða verulega endurbættar vörur.
- z. „starfsmannakostnaður“: kostnaður í tengslum við vísindamenn, tæknimenn og annað aðstoðarfólk að því marki sem það starfar við viðkomandi verkefni eða starfsemi.
- aa. „opinber innkaup fyrir markaðssetningu“: opinber innkaup á þjónustu í tengslum við rannsóknir og þróun þar sem samningsyfirvald eða samningsstofnun áskilur sér ekki einkarétt á niðurstöðum og afrakstri til notkunar í eigin starfsemi heldur deilir með þeim sem veita þjónustuna á markaðskjörum. Samningurinn, en hann getur tekið til eins eða margra flokka rannsókna og þróunar sem skilgreindir eru í þessum leiðbeinandi reglum, skal gerður til tiltekins tíma og getur tekið til þróunar á frumgerðum eða takmarkaðs magns á fyrstu vörum eða þjónustu í formi raða tilrauna. Kaup á magni af vörum eða þjónustu í viðskiptaskyni getur ekki fallið undir sama samning.

- bb. „nýjung í verkferlum“: framkvæmd nýrrar eða marktækt endurbættrar framleiðslu- eða dreifingar- aðferðar (undir þetta falla tæknibreytingar og breytingar á vélbúnaði eða hugbúnaði, ef þær teljast verulegar); þetta varðar ekki smávægilegar breytingar og endurbætur, aukna framleiðslu- eða þjónustugetu með því að bæta við nýjum framleiðslu- eða vörustjórnunarkerfum, sem líkjast mjög þeim sem þegar eru í notkun, lokun verkferils, hreina endurnýjun eða endurbætur á framleiðslu- tækjum, breytingar sem leiða eingöngu af breytingum á verði aðfanga, sérframleiðslu, stað- setningu, reglulegum árstíðabundnum breytingum og öðrum lotubundnum breytingum, né heldur viðskipti með nýjar verulegar endurbættar vörur.
- cc. „rannsókn- og þróunarverkefni“: aðgerð, sem varðar starfsemi sem nær til eins eða fleiri flokka rannsókna og þróunar, sem skilgreindir eru í þessum leiðbeinandi reglum, og sem ætlað er að leiða til lykta úppskiptanlegt verkefni sem í eðli sínu er hagfræðilegt, vísindalegt eða tæknilegt með skýr fyrirframskilgreind markmið. Rannsókn- og þróunarverkefni getur tekið til margra verkefnapakka, starfsemi eða þjónustu og felur í sér skýr markmið, auk starfseminnar sem ber að inna af hendi til að ná þessum markmiðum (að meðtöldum áætluðum kostnaði þeirra), og áþreifanlegar niðurstöður til að greina afrakstur þessarar starfsemi og bera hann saman við samsvarandi markmið. Þegar tvö eða fleiri markmið eru ekki skilmerkilega aðgreind hvert frá öðru, einkum þegar ekki eru neinar líkur á því að þau skili tæknilegum árangri hvert um sig teljast þau sem eitt stakt verkefni.
- dd. „endurgreiðsluskyld framlög“: lán til verkefnis sem er greitt út í einu lagi eða í áföngum og bundið skilmálum um endurgreiðslu sem eru háðir niðurstöðum verkefnisins.
- ee. „rannsókn- og þekkingarmiðlunarstofnun“ eða rannsóknastofnun: rekstrareining (á borð við háskóla eða rannsóknastofur, stofnanir sem yfirfæra tækniþekkingu, nýsköpunarmiðlarar, raun- verulegar samstarfsstofnanir eða sýndarsamstarfsstofnanir á sviði rannsókna), óháð lögformlegri stöðu (þ.e. hvort sem hún fellur undir opinberan rétt eða einkarétt) og því hvernig hún er fjármögnuð, sem hefur það meginmarkmið að stunda grunnrannsóknir, iðnaðarrannsóknir eða þróunarstarf eða að miðla víða niðurstöðum slíkrar starfsemi með kennslu, birtingu eða yfirfærslu þekkingar. Þegar slík stofnun hefur einnig með höndum atvinnustarfsemi verður að halda aðskilið bókhald yfir fjármögnun hennar, kostnað og tekjur. Fyrirtæki, sem geta haft afgerandi áhrif á slíka rekstrareiningu, til að mynda sem hluthafar eða félagar, mega ekki njóta forgangs að niðurstöðum rannsókna sem fara fram á hennar vegum.
- ff. „rannsóknainnviðir“: aðstaða, tilföng og tengd þjónusta sem vísindasamfélagið notar til þess að stunda rannsóknir á viðkomandi fagsviðum, meðal annars vísindabúnaður eða rannsóknartæki, þekkingargrunnar á borð við söfn, skjalasöfn eða skipulegar vísindalegar upplýsingar, innviðir sem grundvallast á upplýsinga- og fjarskiptatækni, svo sem netið, gagnameðferðartækni, hugbúnaður, fjarskipti eða hvers konar aðrar framúrskarandi einingar sem eru nauðsynlegar til að stunda rannsóknir. Slíkir innviðir geta verið á einum stað eða dreifðir á marga staði (þ.e. mynda skipulegt net tilfanga) ⁽¹⁵⁾.
- gg. „lán á starfsfólki“: tímabundin ráðning starfsmanna til aðstoðarþega með þeim hætti að þeir eiga rétt á að snúa aftur til fyrri vinnuveitanda.
- hh. „lítill og meðalstór fyrirtæki“: fyrirtæki sem fullnægja viðmiðum sem mælt er fyrir um í skilgreiningu Eftirlitsstofnunar EFTA á örfyrirtækjum, litlum og meðalstörum fyrirtækjum ⁽¹⁶⁾.
- ii. „upphaf starfsemi eða upphaf verkefnis“: annaðhvort upphaf starfsemi á sviði rannsókna, þróunar og nýsköpunar, eða fyrsti samningur milli aðstoðarþega og verktaka um að inna verkefnið af hendi, hvort sem fyrir kemur. Undirbúningsvinna svo sem öflun leyfa og hagkvæmniathuganir teljast ekki vera upphaf starfseminnar.
- jj. „efnislegar eignir“: eignir sem samanstanda af landi, fasteignum og verksmiðjum, vélum og búnaði.

⁽¹⁵⁾ Sjá staflíð a) í 2. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 723/2009 frá 25. júní 2009 um lagaramma Evrópusambandsins um samþök um evrópska rannsóknainnviði (ERIC), (Stjtið. ESB L 206, 8.8.2009, bls. 1).

⁽¹⁶⁾ Skilgreining á örfyrirtækjum, litlum og meðalstörum fyrirtækjum (Stjtið. ESB L 36, 5.2.2009, bls. 62 og EES-viðbætur nr. 6, 5.2.2009, bls. 1).

2. Ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins

16. Almennt séð felur sérhver ráðstöfun, sem fullnægir skilyrðunum í 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins, í sér ríkisaðstoð. Í þessum kafla ætlar Eftirlitsstofnun EFTA að útlista hvaða skilning hún leggur í hugtakið aðstoð í aðstæðum sem gjarnan koma upp í tengslum við starfsemi á sviði rannsókna, þróunar og nýsköpunar með fyrirvara um túlkun Dómstóls Evrópusambandsins og EFTA-dómstólsins.

2.1. Rannsókn- og þekkingarmiðlunarstofnanir og rannsóknainviðir sem viðtakendur ríkisaðstoðar

17. Rannsókn- og þekkingarmiðlunarstofnanir („rannsóknastofnanir“) og rannsóknainviðir eru viðtakendur ríkisaðstoðar ef opinber fjármögnun til þeirra fullnægir skilyrðum í 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins. Samkvæmt dómaframkvæmd EFTA-dómstólsins og Dómstóls Evrópusambandsins verður viðtakandinn að teljast fyrirtæki en sú skilgreining ræðst ekki af lögformlegri stöðu hennar, þ.e. hvort hún fellur undir opinberan rétt eða einkarétt, eða eðli atvinnustarfseminnar, þ.e. hvort hún er rekin í hagnaðarskyni eða ekki. Öllu fremur, það sem ræður úrslitum um hvort fyrirtækið flokkast sem slíkt er hvort það hefur með höndum atvinnustarfsemi sem er fölgín í því að bjóða vörur eða þjónustu á tilteknum markaði ⁽¹⁷⁾.

2.1.1. Opinber fjármögnun á starfsemi sem ekki er af efnahagslegum toga

18. Ef sama rekstrareining stundar bæði atvinnustarfsemi og starfsemi sem ekki er af efnahagslegum toga fellur opinber fjármögnun á starfseminni sem ekki er af efnahagslegum toga ekki undir 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins ef unnt er að aðgreina skilmerkilega þessar tvær tegundir af starfsemi og útgjöld hvorrar starfsemi um sig, og enn fremur fjármögnun og tekjur, svo hægt sé að komast algerlega hjá víxlنيðurgreiðslu í þágu atvinnustarfseminnar. Sannanir fyrir því að kostnaði, fjármögnun og tekjum hafi verið rétt skipt niður geta falist í ársuppgjöri viðkomandi einingar.

19. Eftirlitsstofnun EFTA telur að eftirfarandi starfsemi sé að jafnaði ekki af efnahagslegum toga:

a) meginstarfsemi rannsóknastofnana og rannsóknainviða, einkum:

- kennslustörf í því skyni að fjölga vel menntuðu starfsfólki. Í samræmi við dómaframkvæmd ⁽¹⁸⁾ Eftirlitsstofnunar EFTA og framkvæmdastjórnarinnar og starfsvenjur þeirra við ákvarðanatöku ⁽¹⁹⁾, og eins og Eftirlitsstofnun EFTA útskýrir í orðsendingum sínum um ríkisaðstoð ⁽²⁰⁾, telst menntastarfsemi á vegum hins opinbera, sem skipulögð er innan menntakerfis viðkomandi þjóðlands, sem kostuð er eingöngu eða aðallega af ríkinu og undir eftirliti þess, vera starfsemi sem ekki er af efnahagslegum toga ⁽²¹⁾,
- sjálfstæð rannsókn- og þróunarstarfsemi sem hefur það að markmiði að auka þekkingu og skilning, að meðtöldu samstarfi um rannsóknir og þróun þar sem rannsóknastofnanir eða rannsóknainviðir taka þátt í virku samstarfi ⁽²²⁾,
- viðtæk miðlun á niðurstöðum rannsókna án einkaréttar og án mismununar, t.d. með kennslu, opnum aðgangi að gagnagrunnum, ritum eða hugbúnaði,

b) starfsemi sem varðar yfirfærslu þekkingar, hvort sem rannsóknastofnunin eða rannsóknainviðirnir (að meðtöldum deildum þeirra eða dótturfyrirtækjum) sjá um hana eða það er gert í samstarfi við eða fyrir hönd slíkra eininga, og þegar allar tekjur af þessari starfsemi

⁽¹⁷⁾ Mál 118/85 *framkvæmdastjórn gegn Ítalíu*, dómasafn 1987, bls. 2599, 7. mgr.; mál C 35/96 *framkvæmdastjórn gegn Ítalíu*, dómasafn 1998, bls. I-3851, 36. mgr.; mál C 309/99 *Wouters*, dómasafn 2002, bls. I-1577, 46. mgr.

⁽¹⁸⁾ Mál C-263/86 *Humble og Edel*, dómasafn 1988, bls. I-5365, 9.-10. mgr. og 15.-18. mgr.; mál C-109/92 *Wirth*, dómasafn 1993, bls. I-06447, 15. mgr.; og dómur EFTA-dómstólsins frá 21. febrúar 2008 í máli E-5/07, *Private Barnehagers Landsforbund*, skýrsla EFTA-dómstólsins 2008, bls. 62.

⁽¹⁹⁾ Sjá t.d. mál NN54/2006, *Prerov logistics College*, og N 343/2008, *Stök aðstoð í þágu „College of Nyiregyháza“ vegna uppbyggingar á „Partium Knowledge Centre“*.

⁽²⁰⁾ Sjá 26.- 29. lið í leiðbeinandi reglum um beitingu reglna um ríkisaðstoð gagnvart endurgjaldi sem greitt er fyrir að starfrækja þjónustu með almenna efnahagslega þýðingu (Stjtið. ESB L 161, 13.6.2013, bls. 12 og EES-viðbætur nr. 34, 13.6.2013, bls. 1).

⁽²¹⁾ Starfsmenntun vinnuafis í skilningi reglna um ríkisaðstoð til starfsþjálfunar telst ekki vera frumstarfsemi rannsóknastofnana sem ekki er af efnahagslegum toga.

⁽²²⁾ Það að veita þjónustu á sviði rannsókna og þróunarstarfsemi og rannsóknir og þróunarstarfsemi fyrir hönd fyrirtækja telst ekki vera sjálfstæð rannsókn- og þróunarstarfsemi.

eru endurfjárfestar í meginstarfsemi rannsóknastofnunarinnar eða rannsóknainnviðanna. Þótt samsvarandi þjónusta sé útvistuð til þriðju aðila í opnum útboðum hefur það ekki áhrif á það að hún teljist vera starfsemi sem ekki er af efnahagslegum toga.

20. Ef rannsóknastofnun eða rannsóknainnviðir eru notaðir bæði til að stunda atvinnustarfsemi og starfsemi sem ekki er af efnahagslegum toga fellur opinber fjármögnun ekki undir reglur um ríkisaðstoð nema ef hún tekur til kostnaðar sem tengist atvinnustarfseminni ⁽²³⁾. Ef rannsóknastofnun eða rannsóknainnviðir eru nánast eingöngu notaðir til þess að stunda aðra starfsemi en þá sem ekki er af efnahagslegum toga getur fjármögnun þeirra í heild sinni fallið utan reglnanna um ríkisaðstoð, að því tilskildu að notkun hennar í efnahagslegum tilgangi sé alfarið til viðbótar meginstarfseminni, það er samsvari starfsemi sem tengist beint rekstri rannsóknastofnunarinnar eða rannsóknainnviðanna og nauðsynleg fyrir hana eða órjúfanlega tengd helstu notkun hennar í öðrum tilgangi en efnahagslegum og sé takmörkuð að umfangi. Eftirlitsstofnun EFTA mun með tilliti til þessara leiðbeinandi reglna telja að svo eigi við þegar atvinnustarfsemin notar nákvæmlega sömu tilföng (á borð við efni, búnað, vinnu og fastafjármuni) og starfsemin sem ekki er rekin af efnahagslegum toga og að árleg áætluð afkastageta slíkrar atvinnustarfsemi fari ekki yfir 20% af árlegri afkastagetu viðkomandi stofnunar í heild.

2.1.2. *Opinber fjármögnun á atvinnustarfsemi*

21. Þegar rannsóknastofnanir eða rannsóknainnviðir eru notaðir til að reka atvinnustarfsemi á borð við útleigu á búnaði eða rannsóknarstofum til fyrirtækja, veita fyrirtækjum þjónustu eða annast rannsóknastarfsemi í verktöku telst opinber fjármögnun á slíkri atvinnustarfsemi alla jafna vera ríkisaðstoð, sbr. þó 20. lið.
22. Hins vegar mun Eftirlitsstofnun EFTA ekki líta svo á að rannsóknastofnun eða rannsóknainnviðir séu viðtakendur ríkisaðstoðar ef um er að ræða stofnun sem einfaldlega annast milligöngu við að koma fjármögnun frá hinu opinbera í hendur endanlegra viðtakenda sem og hvers konar hagræði sem fylgir henni. Þetta á almennt við þegar:
- a) bæði ríkisfjármögnunin og hvers konar hagræði af slíkri fjármögnun eru mælanleg og rekjanleg og viðeigandi fyrirkomulag er fyrir hendi sem tryggir að endanlegur viðtakandi hafi notið þessa til fulls, til dæmis í formi verðlækkunar, og
 - b) milligönguaðilinn hefur ekkert frekara hagræði af þessu vegna þess að hann er annaðhvort valinn í opnu útboði eða ríkisfjármögnunin stendur öllum stofnunum til boða, enda fullnægi þær nauðsynlegum hlutlægum skilyrðum, þannig að viðskiptavinir sem endanlegir viðtakendur eiga rétt á því að fá sambærilega þjónustu hjá öllum þess konar milligönguaðilum.
23. Ef skilyrðunum í 22. lið er fullnægt gilda ríkisaðstoðarreglur um endanlega viðtakendur.

2.2. ***Óbein ríkisaðstoð til fyrirtækja gegnum rannsókn- og þekkingarmiðlunarstofnanir og rannsóknainnviði sem njóta opinberra styrkja***

24. Spurningunni um það hvort og með hvaða skilyrðum fyrirtæki teljast njóta hagræðis í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins, þegar um er að ræða rannsóknir í verktöku eða rannsóknþjónustu sem rannsóknastofnanir eða rannsóknainnviðir annast, sem og í þeim tilvikum þegar þau hafa samstarf við rannsóknastofnun eða rannsóknainnviði, verður að svara með hliðsjón af almennum reglum um ríkisaðstoð. Í þessu skyni þarf einkum að meta hvort hegðun rannsóknastofnunarinnar eða rannsóknainnviðanna verður skrifuð á reikning ríkisins ⁽²⁴⁾.

2.2.1. *Rannsóknir í þágu fyrirtækja (rannsóknir í verktöku eða rannsóknþjónusta)*

25. Þegar rannsóknastofnun eða rannsóknainnviðir eru notaðir til þess að annast rannsóknir í verktöku fyrir fyrirtæki eða veita fyrirtæki rannsóknþjónustu, sem alla jafna tilgreinir skilmála samningsins, eignast niðurstöður rannsóknarinnar og ber áhættuna af því að árangur verði lítill, telst að jafnaði engin ríkisaðstoð hafa runnið til fyrirtækisins ef rannsóknastofnunin

⁽²³⁾ Ef rannsóknastofnun eða rannsóknainnviðir njóta bæði styrkja frá hinu opinbera og einkaaðilum mun Eftirlitsstofnun EFTA telja að þetta eigi við þegar opinbera fjármögnunin, sem úthlutað er til viðkomandi stofnunar á tilteknu reikningsskilatímabili, er hærri en kostnaðurinn sem til fellur vegna starfsemi sem ekki er af efnahagslegum toga á því tímabili.

⁽²⁴⁾ Sjá mál C-482/99 *Franska ríkið gegn framkvæmdastjórn*, dómasafn 2002, bls. I-4397, 24. mgr.

eða rannsóknainnviðirnir taka við hæfilega hárrí þóknun fyrir þjónustu sína, einkum ef öðru eftirtalinna skilyrða er fullnægt:

- a) rannsóknastofnunin eða rannsóknainnviðirnir veitir rannsóknþjónustu sína eða rannsóknir í verktöku á markaðsverði ⁽²⁵⁾ eða
- b) ef engu markaðsverði er til að dreifa þá veitir rannsóknastofnunin eða rannsóknainnviðirnir rannsóknþjónustu sína eða rannsóknir í verktöku á verði sem:
 - samsvarar öllum kostnaði við þjónustuna og tekur alla jafnan til samsvarandi hagnaðar og þess sem fyrirtæki sem starfa í viðkomandi þjónustugeira hafa reiknað út, eða
 - leiðir af samningum óháðra aðila þar sem rannsóknastofnunin eða rannsóknainnviðir, í krafti sínum sem þjónustuveitandi, semja um það við gerð samningsins að fá sem mestan efnahagslegan ávinning, og sem stendur að minnsta kosti undir jaðarkostnaði.

26. Ef eignarhald á eða aðgangur að hugverkaréttindum helst hjá rannsóknastofnuninni eða rannsóknainnviðunum má draga markaðsverð þeirra frá verðinu sem greiðist fyrir viðkomandi þjónustu.

2.2.2. Samstarf við fyrirtæki

27. Verkefni telst unnið innan ramma raunverulegs samstarfs þegar að minnsta kosti tveir óháðir aðilar vinna að sameiginlegu markmiði sem grundvallast á skiptingu vinnunnar og skilgreina umfang þess í sameiningu, taka þátt í undirbúningi við það, stuðla að framkvæmd þess og deila með sér fjárhagslegri, tæknilegri, vísindalegri áhættu og annarri áhættu sem því fylgir, jafnt og niðurstöðum þess. Einn eða nokkrir aðilar kunna að bera allan kostnað af verkefninu og þannig létta fjárhagslegri áhættu af öðrum aðilum. Samið skal um skilyrðin fyrir samstarfsverkefni, einkum hvað varðar kostnað við það, skiptingu áhættu og niðurstaðna, miðlun niðurstaðna, aðgang að hugverkaréttindum og reglur um veitingu þeirra, áður en hafist er handa við verkefnið ⁽²⁶⁾. Rannsóknir í verktöku og rannsóknþjónusta teljast ekki vera samstarf.

28. Þegar fyrirtæki og rannsóknastofnanir eða rannsóknainnviðir vinna saman að samstarfsverkefni lítur Eftirlitsstofnun EFTA svo á að engin óbein ríkisaðstoð renni til þáttökufyrirtækjanna gegnum þessar stofnanir í kjölfar þeirra hagfelldu skilyrða, sem samstarfið skapar, ef einu eftirtalinna skilyrða er fullnægt:

- a) fyrirtækin, sem taka þátt í samstarfinu, bera allan kostnað af verkefninu eða
- b) niðurstöðum samstarfsins, sem ekki hafa í för með sér hugverkaréttindi, má dreifa frjálst og hvers konar hugverkaréttindum, sem leiðir af starfsemi rannsóknastofnananna eða rannsóknainnviðanna, verður að fullu úthlutað til þessara stofnana, eða
- c) hvers konar hugverkaréttindum sem leiðir af verkefninu, sem og tengdum aðgangsrétti, verður að fullu úthlutað til mismunandi samstarfsaðila þannig að það endurspeglar á réttan hátt vinnuframlag þeirra, framlag þeirra til verkefnisins og hagsmuni hvers þeirra um sig,
- d) rannsóknastofnanirnar eða rannsóknainnviðirnir fá greiðslu sem samsvarar markaðsverði fyrir hugverkaréttindin sem leiðir af starfsemi þeirra og úthlutað er til þáttökufyrirtækjanna eða sem þáttökufyrirtækin fá aðgangsrétt að. Heimilt er að draga frá slíkri greiðslu hreint virði hvers konar framlaga fyrirtækjanna, bæði fjárhagslegra og annarra, vegna kostnaðar við starfsemi rannsóknastofnana eða rannsóknainnviða sem leiddi til viðkomandi hugverkaréttinda.

29. Eftirlitsstofnun EFTA mun með tilliti til staflíðar d) í 28. lið líta svo á að móttekin greiðsla samsvari markaðsverði ef hún gerir rannsóknastofnununum eða rannsóknainnviðunum mögulegt að njóta efnahagslegs ávinnings af þessum réttindum enda sé einu af eftirfarandi skilyrðum fullnægt:

- a) fjárhæð greiðslunnar hefur verið fundin út í opnu, gagnsæju og mismununarlausu sölufurli á samkeppnisgrundvelli eða

⁽²⁵⁾ Þegar rannsóknastofnun eða rannsóknainnviðir veita ákveðnu fyrirtæki tiltekna rannsóknþjónustu eða annast rannsóknir í verktöku fyrir það í fyrsta sinn til reynslu og á skýrt afmörkuðu tímabili mun Eftirlitsstofnun EFTA alla jafna líta á umbeðið verð sem markaðsverð ef rannsóknþjónustan eða verktakarannsóknin er einstök og hægt er að sýna fram á að það sé engin markaður fyrir hana.

⁽²⁶⁾ Þetta nær ekki yfir tímabundna samninga um markaðsvirði hugverkaréttinda sem leiðir verkefninu né virði framlaga til þess.

- b) mat óháðs sérfræðings staðfestir að fjárhæð greiðslunnar samsvarar að minnsta kosti markaðsverði eða
 - c) rannsóknastofnunin eða rannsóknainnviðirnir sem seljandi geta sýnt fram á að þeir hafi raunverulega samið um greiðsluna með skilmálum óháðra aðila til þess að ná fram sem mestum efnahagslegum ávinningi á þeim tíma þegar samningurinn er gerður, að teknu tilliti til lögbundinna markmiða hans, eða
 - d) þegar samstarfssamningur kveður á um að samstarfsfyrirtækið hafi forkaupsrétt á hugverkaréttindum, sem verða til í samstarfi rannsóknastofnananna eða rannsóknainnviðanna, og þegar þessar stofnanir njóta gagnkvæms réttar til þess að falast eftir tilboði frá þriðja aðila sem færir þeim meiri efnahagslegan ávinning þannig að samstarfsfyrirtækið verður að aðlaga sitt tilboð til samræmis við það.
30. Ef engu skilyrðanna í 28. lið er fullnægt mun heildarvirði framlags rannsóknastofnananna eða rannsóknainnviðanna til verkefnisins teljast vera ávinningur fyrir samstarfsfyrirtækin sem falla undir reglur um ríkisaðstoð.

2.3. *Opinber innkaup á þjónustu í tengslum við rannsóknir og þróun*

31. Opinberir innkaupsaðilar geta keypt rannsókn- og þróunarþjónustu frá fyrirtækjum bæði með því að fá einkarétt á þróunarstarfseminni og í innkaupaferli áður en að markaðssetningu kemur ⁽²⁷⁾.
32. Svo fremi að opinber útboð í tengslum við innkaup hins opinbera fari fram í samræmi við gildandi tilskipanir ⁽²⁸⁾ mun Eftirlitsstofnun EFTA að jafnaði líta svo á fyrirtækin sem veita viðkomandi þjónustu hafi ekki fengið ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins ⁽²⁹⁾.
33. Í öllum öðrum tilvikum, einnig þegar um er að ræða innkaup fyrir markaðssetningu, mun Eftirlitsstofnun EFTA líta svo á að fyrirtæki njóti ekki ríkisaðstoðar ef greitt verð fyrir viðkomandi þjónustu endurspeglar til fulls markaðsverð þess ávinnings sem opinber innkaupsaðili fékk og áhættunnar sem þátttökufyrirtækin, sem láta í té vörur eða þjónustu, taka, einkum ef öllum eftirfarandi skilyrðum er fullnægt:
- a) valferlið er opið, gagnsætt og mismununarlaust og grundvallast á hlutlægum val- og úthlutunarviðmiðum sem skilgreind eru áður en útboðið fer fram,
 - b) áformað samningsfyrirkomulag, þar sem öllum réttindum og skyldum samningsaðila er lýst, þar með talið hvað varðar hugverkaréttindi, er gert aðgengilegt öllum bjóðendum áður en útboðið fer fram,
 - c) innkaupin veita ekki neinu þátttökufyrirtækjanna, sem láta í té vörur og þjónustu, fríðinda-meðferð að því er varðar útvegum á magni endanlegra vara eða þjónustu, sem viðskipti eru höfð með, til opinbers innkaupsaðila í viðkomandi EFTA-ríki ⁽³⁰⁾ og
 - d) einu eftirfarandi skilyrða er fullnægt:
 - heimilt er að dreifa frjálst öllum niðurstöðum sem lúta ekki hugverkarétti, t.d. með því að birta þær, nota þær í kennslu eða láta staðlastofnunum þær í té þannig að önnur fyrirtæki geti kallað þær fram og að öll hugverkaréttindi verið að fullu eign opinbera innkaupaáðilans eða

⁽²⁷⁾ Sjá orðsendingu og tengt vinnuskjal þjónustudeildar ESB - orðsending framkvæmdastjórnarinnar til Evrópuþingsins, ráðsins, efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins og svæðanefndarinnar undir yfirskriftinni „Innkaup fyrir markaðssetningu: stuðlað að nýsköpun til þessa að tryggja mikil gæði í opinberri þjónustu í Evrópu“, COM(2007) 799 lokagerð, 14.12.2007.

⁽²⁸⁾ Sjá 27. gr. í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/24/ESB frá 26. desember 2014 um opinber innkaup, sem hefur ekki enn verið felld inn í EES-samninginn, og sem fellir úr gildi tilskipun 2004/18/EB (Stjtið. ESB L 94, 28.3.2014, bls. 65), sem var felld inn í XVI. viðauka (opinber innkaup) við EES-samninginn sem 2. liður með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 68/2006 frá 2.6.2006 (Stjtið ESB L 245, 7.9.2006, bls. 22 og EES-viðbætur nr. 44, 7.9.2006, bls. 18) og 45. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2014/25/ESB frá 26. febrúar 2014 um innkaup stofnana sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og pósthjónustu, og sem hefur ekki enn verið felld inn í EES-samninginn) og sem fellir úr gildi tilskipun 2004/17/EB (Stjtið. ESB L 94, 28.3.2014, bls. 243), sem var felld inn í XVI. viðauka (opinber innkaup) við EES-samninginn sem 4. liður með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 68/2006 frá 2.6.2006 (Stjtið ESB L 245, 7.9.2006, bls. 22 og EES-viðbætur nr. 44, 7.9.2006, bls. 18). Á sama hátt og þegar um er að ræða lokað útboð í skilningi annars vegar 28. gr. tilskipunar 2014/24/ESB og hins vegar 46. gr. tilskipunar 2014/25/ESB mun Eftirlitsstofnun EFTA einnig telja að ekki hafi verið veitt ríkisaðstoð til fyrirtækja nema þjónustuaðilar sem hafa hagsmuna að gæta séu hindraðir í að leggja fram tilboð án gildrar ástæðu.

⁽²⁹⁾ Þetta á einnig við þegar opinberir innkaupsaðilar kaupa nýsköpunarlausnir sem leiðir af undanfarandi innkaupum í tengslum við rannsóknir og þróun, eða vörum og þjónustu sem ekki tengjast rannsóknum og þróun sem á að láta í té á því stigi þar sem gerð er krafa um nýsköpun hvað varðar vöru, vinnslu eða skipulagningu.

⁽³⁰⁾ Með fyrirvara um ferli sem taka bæði til þróunar og síðari kaupa á einstæðum eða sérhæfðum vörum eða þjónustu.

- allir þjónustuaðilar, sem eignast niðurstöður sem lúta hugverkarétti, verða að veita opinbera innkaupsaðilanum ótakmarkaðan aðgang að þessum niðurstöðum án endurgjalds, og veita þriðju aðilum aðgang, t.d. með leyfum sem ekki lúta einkarétti, á markaðskjörum.

34. Ef skilyrðunum í 33. lið er ekki fullnægt geta EFTA-ríkin byggt á sérstöku mati á skilmálum samningsins milli opinbera innkaupsaðilans og fyrirtækisins, með fyrirvara um almennu skylduna um að tilkynna aðstoð til rannsókna, þróunar og nýsköpunar skv. 3. mgr. 1. gr. I. hluta bókarar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól.

3. Sameiginlegar matsreglur

35. Við mat á því hvort tilkynnt aðstoðarráðstöfun geti talist samrýmanleg framkvæmd EES-samningsins gerir Eftirlitsstofnun EFTA að jafnaði greiningu á því hvort hún sé þannig útfærð að hún tryggji að jákvæð áhrif aðstoðarinnar gagnvart markmiði um sameiginlega hagsmuni séu meiri en hugsanleg neikvæð áhrif hennar á viðskipti og samkeppni.

36. Í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 8. maí 2012 um nútímavæðingu ríkisaðstoðar er hvatt til þess að tilgreindar verði og skilgreindar sameiginlegar meginreglur sem nota ber til að meta samrýmanleika allra aðstoðarráðstafa. Eftirlitsstofnun EFTA fellst á þessar sameiginlegu meginreglur og mun aðeins líta svo á að aðstoðarráðstöfun samrýmist framkvæmd EES-samningsins ef hún fullnægir sérhverri eftirfarandi viðmiðana:

- a) *að hún stuðli að vel skilgreindu markmiði um sameiginlega hagsmuni*: ríkisaðstoðarráðstöfun verður að miða að markmiði um sameiginlega hagsmuni í samræmi við 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins (kafla 4.1).
- b) *að þörf sé á aðkomu ríkisins*: ríkisaðstoðarráðstöfun verður að beinast að aðstæðum þar sem aðstoð getur leitt til verulegra bóta sem markaðinum er um megn, t.d. með því að ráða bót á markaðsbresti eða tekist á við vanda sem varðar sannsýni eða samheldni (kafla 4.2).
- c) *að aðstoðarráðstöfunin sé viðeigandi*: fyrirhuguð aðstoðarráðstöfun verður að vera viðeigandi stjórnþætti til að ná markmiðinu um sameiginlega hagsmuni (kafla 4.3).
- d) *að aðstoð hafi hvatningaráhrif*: hún verður að breyta háttsemi viðkomandi fyrirtækis/fyrirtækja þannig að það/þau hefji viðbótarstarfsemi sem ekki hefði orðið af án aðstoðar eða starfsemin hefði verðið takmörkuð, öðru vísi eða á öðrum stað (kafla 4.4).
- e) *að aðstoðin sé hæfileg (aðstoðin takmarkist við lágmark)*: aðstoðarfjárhæðin og hlutfall hennar verður að takmarkast við nauðsynlegt lágmark til að hvetja til viðbótarfjárfestingar eða -starfsemi fyrirtækis/fyrirtækja á viðkomandi svæði (kafla 4.5).
- f) *að komist verði hjá ótilhlýðilegum, neikvæðum áhrifum á samkeppni og viðskipti milli samningsaðilanna*: neikvæð áhrif aðstoðar verða að vera nægilega takmörkuð til þess að heildarniðurstaða ráðstöfunarinnar verði jákvæð (kafla 4.6).
- g) *að aðstoðin sé gagnsæ*: EFTA-ríkin, Eftirlitsstofnun EFTA, atvinnurekendur og almenningur verða að eiga greiðan aðgang að öllum viðkomandi gerðum og upplýsingum sem skipta máli um aðstoð sem veitt er samkvæmt þeim (kafla 4.7).

37. Enn fremur getur verið að heildarniðurstöðu tiltekinna flokka aðstoðarkerfa þurfi að meta eftir á eins og lýst er í 5. kafla. Í slíkum tilvikum getur Eftirlitsstofnun EFTA takmarkað gildistíma þessara kerfa (að jafnaði til fjögurra ára eða skemur) með möguleika á framlengja þau síðar með nýrri tilkynningu.

38. Hafi ríkisaðstoðarráðstöfun eða skilyrði sem henni fylgja (meðal annars aðferð við fjármögnun hennar þegar hún er óaðskiljanlegur hluti ráðstöfunarinnar) óhjálpsleglega í för með sér brot á EES-samningnum er ekki unnt að lýsa aðstoðina samrýmanlega framkvæmd EES-samningsins ⁽³¹⁾.

39. Eftirlitsstofnun EFTA mun við mat á því hvort stök aðstoð samrýmist innri markaðinum, taka tillit til sérhvernar málsmeðferðar um brot á 53. eða 54. gr. EES-samningsins, sem kann að varða aðstoðarþegann og sem getur skipt máli við mat á aðstoðinni skv. 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins ⁽³²⁾.

⁽³¹⁾ Sjá t.d. mál C-156/98 *Býskaland* gegn framkvæmdastjórn, dómasafn 2000, bls. 16857, 78. mgr. og mál C-333/07 *Régie Networks* gegn *Rhône Alpes Bourgogne*, dómasafn 2008, bls. 110807, 94.-116. mgr.

⁽³²⁾ Sjá C-225/91 *Matra* gegn framkvæmdastjórn, dómasafn 1993, bls. I-3203, 42. mgr.

4. Mat á samrýmanleika aðstoðar til rannsókna, þróunar og nýsköpunar

40. Hægt er að lýsa því yfir að aðstoð til rannsókna, þróunar og nýsköpunar samrýmist framkvæmd EES-samningsins, í skilningi staflíðar c) í 3. mgr. 61. gr. í EES-samningnum, ef hún, á grundvelli sameiginlegu matsreglnanna, sem settar eru fram í 3. kafla, leiðir til aukinnar starfsemi á sviði rannsókna, þróunar og nýsköpunar án þess að það hafi svo óhagstæð áhrif á viðskiptaskilyrði að stríði gegn sameiginlegum hagsmunum.
41. Í þessum kafla útskýrir Eftirlitsstofnun EFTA hvernig hún muni beita þessum sameiginlegu matsreglum og, þar sem við á, mæla fyrir um sérstök skilyrði fyrir slíkum aðstoðarkerfum og viðbótarskilyrði fyrir stakri aðstoð sem skylt er að tilkynna ⁽³³⁾.

4.1. Framlag til vel skilgreinds markmiðs um sameiginlega hagsmuni

4.1.1. Almenn skilyrði

42. Almenna markmiðið með aðstoð til rannsókna, þróunar og nýsköpunar er að efla rannsóknir, þróun og nýsköpun á Evrópska efnahagssvæðinu. Til að svo megi verða er aðstoð til rannsókna, þróunar og nýsköpunar ætlað að ná markmiðunum, sem framkvæmdastjórnin setur fram í stefnumörkun Evrópu fyrir 2020, sem miða að snjallhagvexti, sjálfbærum hagvexti og hagvexti fyrir alla.
43. EFTA-ríki, sem áforma að veita ríkisaðstoð til rannsókna, þróunar og nýsköpunar, verða að skilgreina nákvæmlega markmiðið sem leitast er við að ná og útskýra sérstaklega hvernig aðstoðinni er ætlað að efla rannsóknir, þróun og nýsköpun.
44. Að því er varðar aðstoðarkerfi sem falla undir tilkynningarskyldu („tilkynningarskyld aðstoðarkerfi“) tekur Eftirlitsstofnun EFTA jákvæða afstöðu til aðstoðarráðstafana sem eru óaðskiljanlegur hluti af heildaráætlun eða aðgerðaáætlun til að efla starfsemi á sviði rannsókna, þróunar og nýsköpunar eða áætlanir um skynsamlega sérhæfingu og sem eru studdar ítarlegu mati á sambærilegum aðstoðarráðstöfunum sem þegar hafa verið gerðar og sem sannað hafa að skili árangri.
45. Að því er varðar ríkisaðstoð sem veitt er til verkefna eða starfsemi sem einnig njóta fjármögnunar á grundvelli einhverrar áætlunar Evrópusambandsins, sem felld hefur verið inn í EES-samninginn ⁽³⁴⁾, mun Eftirlitsstofnunin telja að sýnt hafi verið fram á að hún stuðli að vel skilgreindu markmiði um sameiginlega hagsmuni.

4.1.2. Viðbótarskilyrði fyrir stakri aðstoð

46. Til að sýna fram á að stök aðstoð sem fellur undir tilkynningarskyldu („tilkynningarskyld stök aðstoð“) stuðli að því að efla starfsemi á sviði rannsókna, þróunar og nýsköpunar getur Eftirlitsstofnun EFTA notað eftirfarandi vísbenda, auk annarra magnbundinna eða eigindlegra atriða:
- Aukin stærð verkefnis:* Aukinn heildarkostnaður við verkefnið (án þess að viðtakandi aðstoðarinnar dragi úr útgjöldum frá því sem verið hefði ef aðstoðin hefði ekki verið veitt); fjölgun í hópi þeirra sem sinna rannsóknum, þróun og nýsköpun.
 - Aukið umfang verkefnis:* Fjölgun áætlaðra starfsáfanga í tengslum við verkefnið; markið sett hærra á þann hátt fleiri samstarfsaðilar taki þátt í því, að meiri líkur séu á straumhvörfum eða að meiri hætta er á að verkefnið skili litlum árangri (einkum með tilliti til þess að framkvæmdatími verkefnisins sé langur og að óvissa ríki um niðurstöðurnar).
 - Aukinn hraði:* Ljúka má verkefninu á styttri tíma en verið hefði ef engin aðstoð hefði komið til.
 - Aukin heildarútgjöld:* Aukin heildarútgjöld aðstoðarþega til rannsókna, þróunar og nýsköpunar, hreint út séð eða sem hluti af veltu; breytingar á fjárveitingu til verkefnisins (án samsvarandi lækkunar á fjárveitingum til annarra verkefna).
47. Eftirlitsstofnun EFTA mun þegar hún tekur ákvörðun um hvort aðstoð stuðlar að aukinni starfsemi á sviði rannsókna, þróunar og nýsköpunar á Evrópska efnahagssvæðinu, ekki aðeins meta hreina

⁽³³⁾ Samrýmanleikaskilyrðin, sem mælt er fyrir um í reglugerðinni um hópundanþágur, gilda áfram til fulls um öll önnur tilvik stakrar aðstoðar, þ.m.t. þegar slík aðstoð er veitt á grundvelli aðstoðarkerfis sem er háð tilkynningarskyldu.

⁽³⁴⁾ Sjá 8. nmgr.

aukningu á rannsóknum, þróun og nýsköpun hjá fyrirtækinu heldur einnig hvort aðstoðin stuðlar að því að efla rannsóknir, þróun og nýsköpun í heild í öllum geiranum sem um ræðir, sem og hvort staða Evrópska efnahagssvæðisins með tilliti til rannsókna, þróunar og nýsköpunar hefur batnað í alþjóðlegu samhengi. Jákvæð afstaða verður tekin að því er varðar aðstoðarráðstafanir þar sem gert er ráð fyrir eftirámati fyrir opnum tjöldum á því hvort þær hafi stuðlað að sameiginlegum hagsmunum.

4.2. *Nauðsyn á afskiptum ríkisvaldsins*

4.2.1. *Almenn skilyrði*

48. Eins og greint er frá í 3. kafla getur ríkisaðstoð verið nauðsynleg til að efla rannsóknir, þróun og nýsköpun á Evrópska efnahagssvæðinu við aðstæður þar sem skilvirkur árangur næst ekki fyrir tilstuðlan markaðarins sjálfs. Til þess að meta hvort ríkisaðstoð skilar árangri við að ná fram markmiðinu um sameiginlega hagsmuni er nauðsynlegt að greina fyrst vandann sem leysa á. Ríkisaðstoð ætti eingöngu að miðast við aðstæður þar sem aðstoð getur leitt til verulegra bóta sem markaðinum er um megn. EFTA-rikkjunum ber að útskýra hvernig aðstoðarráðstöfun getur í reynd ráðið bót á markaðsbresti sem fylgir því að ná markmiðinu um sameiginlega hagsmuni án slíkrar aðstoðar.

49. Sú margvíslega starfsemi, sem fellur undir rannsóknir, þróun og nýsköpun, er alla jafnan aðliggjandi ýmsum vörumörkuðum og er fólgin í því að nýta rannsókn-, þróunar- og nýsköpunargetu, sem er til staðar, til að þróa nýjar eða endurbættar vörur og ferla fyrir þessa vörumarkaði eða algerlega nýja vörumarkaði, og stuðla þannig að hagvexti sem eflir samheldni milli svæða svo og félagslega samheldni. Með hliðsjón af þeirri rannsókn-, þróunar- og nýsköpunargetu, sem er til staðar, er þó hugsanlegt að markaðsbrestir komi í veg fyrir kjörframleiðni á markaðinum og leiði af sér óskilvirkni af ástæðum sem tilgreindar eru hér að neðan:

- **Jákvæð úthrif/þekkingarsmit:** Starfsemi á sviði rannsókna, þróunar og nýsköpunar hefur oft í för með sér jákvæð þekkingarsmit til hagsbóta fyrir samfélagið eða aukna möguleika fyrir aðra rekstraraðila til að þróa viðbótarvörur og –þjónustu. Hins vegar ef markaðurinn er látinn ráða kann arðsemi sumra verkefna að vera of lítil frá sjónarhóli einkafyrirtækja, enda þótt þau kæmu samfélaginu vel, vegna þess að fyrirtæki, sem stefna að hagnaði, geta ekki nægilega vel dæmt um ávinninginn af starfsemi sinn þegar þau ákveða hversu mikið skuli lagt í rannsóknir, þróun og nýsköpun. Því gæti ríkisaðstoð stuðlað að framkvæmd verkefna sem leiddu til ávinnings fyrir samfélagið og efnahagslífið í heild og sem annars hefði ekki verið ráðist í.

Hins vegar þá er hvorki allur ávinningur af starfsemi á sviði rannsókna, þróunar og nýsköpunar úthrif né heldur felur það ekki sjálfkrafa í sér að ríkisaðstoð samrýmist framkvæmd EES-samningsins þótt úthrif ein og sér séu fyrir hendi. Alla jafnan eru neytendur fúsir til að greiða fyrir beinan ávinning af nýrri vöru og þjónustu á meðan fyrirtæki geta tryggt sér arð af fjárfestingum sínum með öðrum tiltækum ráðum á borð við hugverkaréttindi. Í sumum tilvikum eru þessar leiðir þó ófullkomnar og skilja eftir sig markaðsbrest sem ráða má mót á með ríkisaðstoð. Til að mynda, eins og oft er talið með grunnrannsóknir, getur verið erfitt að útiloka aðra frá því að fá aðgang að niðurstöðum tiltekinnar starfsemi sem gætu þess vegna verið í þágu almennings. Hins vegar getur sérhæfðari þekking, sem tengist framleiðslu, notið viðtækrar verndar, til dæmis með einkaleyfum sem færa hugvitsmanninum meiri arð af uppfinningu sinni.

- **Ófullnægjandi og ójafn aðgangur að upplýsingum:** Mikil óvissa einkennir starfsemi á sviði rannsókna, þróunar og nýsköpunar. Þegar aðgangur að upplýsingum er ófullnægjandi eða ójafn getur það í ákveðnum aðstæðum valdið því að einkafjárfestar hiki við að leggja verðmætum verkefnum til fé og að sérfráðimenntað starfsfólk hafi ekki vitneskju um laus störf í nýsköpunarfyrirtækjum. Niðurstaðan getur orðið sú að nýting mannauðs og fjármuna verði ófullnægjandi og að ekki verði af framkvæmd verkefna sem skipta miklu fyrir þjóðfélagið eða efnahagslífið.

Í sumum tilvikum getur ófullnægjandi og ójafn aðgangur að upplýsingum einnig hindrað aðgang að fjármagni. Þó réttlæta ófullnægjandi upplýsingar og áhættan sem fylgir verkefninu ekki í sjálfu sér það að ríkisaðstoð sé nauðsynleg. Það að verkefni með minni arðsemi

einkaaðila af fjárfestingum fái ekki fjármagn getur vel verið merki um skilvirkan markað. Enn fremur er áhætta hluti af sérhverri atvinnustarfsemi og þarf ekki í sjálfu sér að vera markaðsbrestur. Þó getur áhætta, þegar um er að ræða ófullnægjandi aðgang að upplýsingum, aukið á vanda við fjármögnun.

- **Samhæfingar- og samstarfsbrestir:** Geta fyrirtækja til samhæfingar eða hafa samstarf um að vinna að rannsóknum, þróun eða nýsköpun getur verið skert af ýmsum ástæðum, meðal annars erfiðleikum við að samhæfa aðgerðir mjög margra samstarfsaðila sem margir hverjir hafa mismunandi hagsmuni, erfiðleikum við að ganga frá samningum og erfiðleikum við að samhæfa samstarf vegna þess að skipst er á viðkvæmum upplýsingum.

4.2.2. Viðbótarskilyrði fyrir stakri aðstoð

50. Þótt vissir markaðsbrestir kunni að halda aftur af rannsóknum, þróun og nýsköpun á Evrópska efnahagssvæðinu í heildina litið þá snerta þeir ekki öll fyrirtæki og allar atvinnugreinar í sama mæli. Því ber EFTA-ríkjunum að leggja fram fullnægjandi upplýsingar vegna tilkynningar skyldrar stakrar aðstoðar um hvort aðstoðin beinist að almennum markaðsbresti á Evrópska efnahagssvæðinu eða sértækum markaðsbresti í tilteknum geira eða tiltekinni atvinnugrein svo dæmi séu tekin.
51. Allt eftir því hver hinn tiltekni sértæki markaðsbrestur er, sem á að ráða bót á, mun Eftirlitsstofnun EFTA hafa til hliðsjónar eftirfarandi atriði, sem eru:
 - **Þekkingarsmit:** umfang fyrirhugaðrar þekkingarmiðlunar; hversu sértæk hin nýfengna þekking er; hvaða tók eru á því að vernda hugverkaréttindi; hversu mikil fyllt er við aðrar vörur og þjónustu,
 - **Ófullnægjandi og ójafnan aðgangur að upplýsingum:** hversu mikil áhætta er tekin og hversu flókin starfsemin á sviði rannsókna, þróunar og nýsköpunar er; þörf fyrir ytri fjármögnun; hvaða tók aðstoðarþegi hefur á að afla sér ytri fjármögnunar,
 - **samhæfingarbrestir:** fjöldi samstarfsfyrirtækja; umfang samstarfsins; ólíkir hagsmunir samstarfsaðila; tormeðki á gerð samninga; vandamál í tengslum við samhæfingu samstarfs.
52. Eftirlitsstofnun EFTA mun í greiningu sinni á meintum markaðsbresti einkum taka tillit til hvers konar tiltæks samanagerðar milli atvinnugreina og annarra tiltækra rannsókna sem viðkomandi EFTA-ríki ber að leggja fram.
53. EFTA-ríkin verða þegar þau tilkynna fjárfestingar- eða rekstraraðstoð í þágu klasa að leggja fram upplýsingar um áformaða eða fyrirhugaða sérhæfingu nýsköpunarklasans, möguleikana sem fyrir hendi eru á svæðinu og hvort klasar sem gegna svipuðum tilgangi séu til staðar á Evrópska efnahagssvæðinu.
54. Hvað varðar ríkisaðstoð sem veitt er til verkefna eða starfsemi sem einnig er fjármögðuð á grundvelli annarra áætlana Evrópusambandsins, sem felldar hafa verið inn í EES-samninginn ⁽³⁵⁾, mun Eftirlitsstofnun telja að sýnt hafi verið fram á að þörf sé á afskiptum ríkisins.
55. Hins vegar þegar aðstoð er veitt til verkefna eða starfsemi sem með tilliti til tæknilegs innihalds, meðfylgjandi áhættu og stærðar er sambærileg við það sem þegar tíðkast á Evrópska efnahagssvæðinu við markaðsaðstæður mun Eftirlitsstofnun EFTA að meginreglu gera ráð fyrir því að ekki sé um markaðsbrest að ræða og fara fram á frekari vísbendingar og rökstuðning fyrir því að þörf sé á afskiptum ríkisins.

4.3. Hversu viðeigandi aðstoðarráðstöfunin er

4.3.1. Hvort önnur stjórn tæki geta verið viðeigandi

56. Ríkisaðstoð er ekki eina stjórn tækið sem EFTA-ríkin hafa yfir að ráða til að efla starfsemi á sviði rannsókna, þróunar og nýsköpunar. Mikilvægt er að hafa í huga að önnur stjórn tæki kunna að vera heppilegri leið, svo sem ráðstafanir varðandi eftirspurn sem taka til reglusetningar, opinberra innkaupa eða staðlasetningar, jafnframt því að auka fjárveitingar til rannsókna á vegum hins opinberra og til menntamála eða almennar skattaráðstafanir. Hversu viðeigandi hvert stjórn tæki er við tiltekna aðstæður ræðst að jafnaði af meginorsökum vandans sem við er að glíma. Ráðstafanir til að draga úr markaðshindrunum geta til dæmis verið meira viðeigandi aðferð en ríkisaðstoð til

⁽³⁵⁾ Sjá 8. nmgr.

þess að takast á við erfiðleika nýs markaðsaðila við að nálgast niðurstöður rannsókna, þróunar og nýsköpunar. Auknar fjárveitingar til menntunar geta átt betur við en ríkisaðstoð til þess að takast á við skort á hæfu starfsfólki.

57. Unnt er að heimila ríkisaðstoð til rannsókna, þróunar og nýsköpunar þegar slík aðstoð er nauðsynleg til þess að vinna að markmiðinu um sameiginlega hagsmuni og þá sem undantekningu frá almennu banni við ríkisaðstoð. Mikilvægur þáttur í þessu tilliti er því hvort og að hve miklu leyti aðstoð til rannsókna, þróunar og nýsköpunar getur talist viðeigandi stjórnþæki til að ýta undir starfsemi á þessu sviði, að teknu tilliti til þess að hugsanlegt er að ná sama árangri með öðrum stjórnþækjum sem hafa ekki jafnmikil samkeppnisraskandi áhrif.
58. Eftirlitsstofnun EFTA mun í mati sínu á því hvort ráðstöfun samrýmist gildandi reglum einkum líta til mats á áhrifum sem viðkomandi EFTA-riki kann að hafa látið gera. Ráðstafanir teljast viðeigandi stjórnþæki ef EFTA-rikin hafa hugað að öðrum hugsanlegum stjórnþækjum og gert Eftirlitsstofnun EFTA rökstudda grein fyrir kostum þess að nota sértækt stjórnþæki á borð við ríkisaðstoð.
59. Hvað varðar ríkisaðstoð sem veitt er til verkefna eða starfsemi sem einnig er fjármögnuð á grundvelli annarra áætlana Evrópusambandsins, sem felldar hafa verið inn í EES-samninginn ⁽³⁶⁾, mun Eftirlitsstofnun telja að sýnt hafi verið fram á að þörf sé á afskiptum ríkisins.

4.3.2. *Hvort önnur stjórnþæki aðstoðar geta verið viðeigandi*

60. Ríkisaðstoð til rannsókna, þróunar og nýsköpunar er unnt að veita með ýmsum hætti. EFTA-rikin skulu því sjá til þess að aðstoð sé veitt með þeim hætti sem líklegur er til að valda sem minnstri röskun á samkeppni og viðskiptum. Ef aðstoð er veitt með þeim hætti að hún leiði til beins fjárhagslegs ávinnings (t.d. í formi beinna styrkja, undanþágu frá eða afsláttar af sköttum eða öðrum lögbundnum gjöldum, eða sölu lóða, varnings eða þjónustu á góðum kjörum) verður viðkomandi EFTA-riki að leggja fram greiningu á öðrum valkostum og sýna fram á hvers vegna og hvernig önnur form aðstoðar, á borð við endurgreiðsluskyld framlög eða tegundir aðstoðar sem byggja á skulda- og eiginfjárgerningum (t.d. ríkisábyrgðir, kaup á hlutfé eða annars konar lánveitingar eða framlag eigin fjár á hagstæðum kjörum) séu ekki viðeigandi.
61. Val á stjórnþæki aðstoðar ætti að miða við þann markaðsbrest sem aðstoðinni er ætlað að ráða bót á. Til dæmis ef undirliggjandi markaðsbrestur felst í erfiðleikum við að fá aðgang að ytri lánsfjármögnun vegna ójafns aðgangs að upplýsingum ættu EFTA-rikin að reglu til fremur að grípa til aðstoðar í formi lausafjárþyrngreiðslu, svo sem lána eða ábyrgða heldur en styrkveitingar. Ef einnig er nauðsynlegt að styðja fyrirtæki með tiltekinni áhættuhlutdeild, ætti alla jafnan að velja endurgreiðsluskyld framlög sem stjórnþæki aðstoðar. Ef aðstoð er veitt á annan hátt en með aðstoð í formi lausafjárþyrngreiðslu eða endurgreiðsluskyldum framlögum til starfsemi sem er nálægt markaðinum verða EFTA-rikin að rökstyðja það hvernig stjórnþækið sem varð fyrir valinu henti til að takast á við þann sérstaka markaðsbrest sem um ræðir.

4.4. *Hvatningaráhrif*

4.4.1. *Almenn skilyrði*

62. Aðstoð til rannsókna, þróunar og nýsköpunar getur því aðeins talist samrýmanleg framkvæmd EES-samningsins að hún hafi hvatningaráhrif. Hvatningaráhrif eru fyrir hendi þegar aðstoð breytir háttsemi fyrirtækis á þann hátt að það ræðst í viðbótarstarfsemi nokkuð sem það hefði ekki gert án aðstoðar eða hefði aðeins ráðist í á takmarkaðan eða annan hátt. Aðstoðina má þó ekki nota til að niðurgreiða kostnað vegna starfsemi sem hefði hvort er eð fallið á fyrirtækið eða bæta fyrir eðlilega viðskiptaáhættu sem fylgir atvinnustarfsemi ⁽³⁷⁾.
63. Eftirlitsstofnun EFTA lítur svo á að aðstoðinni fylgi engin hvatningaráhrif í þeim tilvikum sem rannsókna-, þróunar- eða nýsköpunarstarfsemin ⁽³⁸⁾ var hafin áður en viðtakandi sótti um aðstoð til stjórnvalda í landinu ⁽³⁹⁾. Ef hafist er handa við verk áður en aðstoðarþegi sótti um aðstoð til stjórnvalda í landinu, getur verkefnið ekki fengið ríkisaðstoð.

⁽³⁶⁾ Sjá 8. nmgr.

⁽³⁷⁾ Sameinuð mál C-630/11 P til C-633/11 P *HGA o.fl. gegn framkvæmdastjórn*. EU:C:2013:387.

⁽³⁸⁾ Þótt umsókn um aðstoð varði aðstoð til rannsókna- og þróunarverkefnis útilokar það ekki að hugsanlegur aðstoðarþegi hafi þegar gert hagkvæmiathuganir sem beiðnin um ríkisaðstoð tekur ekki til.

⁽³⁹⁾ Þegar um er að ræða aðstoð til verkefna eða starfsemi sem fram fer í röð áfanga sem hugsanlega fellur undir sérstakt úthlutunarferli þá þýðir það að starfsemin getur ekki hafist áður en fyrsta umsóknin er lögð fram. Þegar um er að ræða aðstoð sem veitt er á grundvelli sjálfvirks kerfis skattatengdrar aðstoðar verður slíkt kerfi að hafa verið samþykkt og öðlast gildi áður en hafist er handa við styrkta verkefnið eða styrktu starfsemina.

64. Umsókn um aðstoð skal að minnsta kosti innihalda nafn umsækjanda og stærð, lýsingu á verkefninu, ásamt staðsetningu þess og lokadagsetningum, hversu mikinn stuðning þarf frá ríkinu til að innna það af hendi og skrá yfir aðstoðarhæfan kostnað.
65. Að teknu tilliti til matsupplýsinga ⁽⁴⁰⁾, sem EFTA-ríkin leggja fram, kann Eftirlitsstofnun-EFTA að líta svo á að skattaráðstafanir, að því marki sem þær fela í sér ríkisaðstoð, hafi hvatningaráhrif sem eru fölgin í því að fyrirtæki leggja meira fé til starfsemi á sviði rannsókna, þróunar og nýsköpunar.
- 4.4.2. *Viðbótarskýrði fyrir stakri aðstoð*
66. Þegar um er að ræða staka aðstoð sem fellur undir tilkynningarskyldu verða EFTA-ríkin að sýna Eftirlitsstofnun EFTA fram á að aðstoðin hafi hvetjandi áhrif og verða þau því að leggja fram skýrar vísbendingar um að aðstoðin hafi jákvæð áhrif á ákvörðun fyrirtækisins um að halda áfram starfsemi á sviði rannsókna, þróunar og nýsköpunar sem það hefði annars ekki gert. Til þess að Eftirlitsstofnun EFTA geti gert ítarlegt mat á viðkomandi aðstoðarráðstöfun verður EFTA-ríkið sem hlut á að máli ekki aðeins að leggja fram upplýsingar um verkefnið sem nýtur aðstoðar heldur einnig, eftir því sem við verður komið, ítarlega lýsingu á því hvað hefði orðið eða sennilega hefði mátt ætla að yrði ef aðstoðar nýti ekki við, þ.e. staðleysusviðsmynd. Staðleysusviðsmynd getur falið í sér að ekki sé um annað verkefni að ræða eða annað skýrt afmarkað verkefni sem hægt er að sjá fyrir með nægilega góðu móti og aðstoðarþegi tekur afstöðu til í innri ákvarðanatöku sinni og getur varðað annað verkefni sem að öllu leyti eða að hluta til er unnið utan Evrópska efnahagssvæðisins.
67. Eftirtalin atriði verða höfð til hliðsjónar í mati Eftirlitsstofnunar EFTA:
- **eðli breytinganna sem stefnt er að:** gera ber skýra grein fyrir breytingu á atferli sem ætla má að verði í kjölfar ríkisaðstoðar, það er hvort nýju verkefni er hleypt af stokkunum, eða hvort verkefnið stækkar, eykst að umfangi eða því hraðað,
 - **staðleysugreining:** breytingu á atferli verður að staðfesta með því að bera saman niðurstöðu og umfang starfseminnar, sem stefnt er að, með aðstoð annars vegar og án aðstoðar hins vegar. Munurinn á þessu tveimur sviðsmyndum sýnir áhrif aðstoðarinnar og hvatningaráhrif hennar,
 - **arðsemi:** ef fyrirtæki hefði ekki hag af því að innna verkefnið af hendi en það hefði hins vegar í för með sér verulegan ávinning fyrir samfélagið, eru meiri líkur á að aðstoðin hafi hvatningaráhrif,
 - **fjárfestingarfjárhæðir og tímarammi sjóðstreymis:** mikil fjárfesting, lítið ráðstafanlegt sjóðstreymi og það að verulegur hluti sjóðstreymis verður til í afar fjarlægri framtíð eða á mjög óvissan hátt, eru allt þættir sem verða taldir verkefninu til tekna við mat á hvatningaráhrifum,
 - **áhættustig:** við mat á áhættu verður einkum tekið mið af því hvort fjárfestingin er óafturkræf, hversu líklegt er að það mistakist í viðskiptalegu tilliti, hættunni á því að árangur af verkefninu verði minni en vænst var, hættunni á að verkefnið grafi undir annarri starfsemi aðstoðarþega og hættunni á að kostnaður við verkefnið grafi undan verkefninu fjárhagslega.
68. EFTA-ríkjunum er einkum bent á að styðjast má við skjöl stjórnar, áhættumat, fjárhagsskýrslur, innri viðskiptaáætlanir, sérfræðiálit og aðrar rannsóknir í tengslum við verkefnið sem verið er að meta. Skjöl sem hafa að geyma upplýsingar um áætlaða eftirspurn, útgjaldaspár, fjárhagsspár, skjöl sem afhent eru fjárfestingarnefnd og fjalla ítarlega um ýmsar sviðsmyndir fjárfestinga eða skjöl sem afhent eru fjármálastofnunum ættu að gera EFTA-ríkjunum kleift að færa sönnur á hvatningaráhrif.
69. Til að fullvissa sig um að sýnt hafi verið fram á hvatningaráhrif á hlutlægan hátt getur Eftirlitsstofnun EFTA í mati sínu borið saman sérstök gögn sem varða fyrirtækið við gögn sem varða atvinnugreinina þar sem aðstoðarþegi er með starfsemi. Einkum ættu EFTA-ríkin, þar sem því verður við komið, að leggja fram gögn sem varða atvinnugreinina sérstaklega sem sýna fram á að staðleysusviðsmynd fyrir aðstoðarþega, arðsemiskrafa og áætlað sjóðstreymi séu við hæfi.

⁽⁴⁰⁾ Jafnvel þótt þetta kunni ekki að vera hægt fyrirfram fyrir nýlega innleiddar ráðstafanir er gert ráð fyrir því að EFTA-ríkin leggi fram matsrannsóknir um hvatningaráhrif af sínum eigin skattalegu aðstoðarkerfum (þannig að áformuð eða fyrirhuguð aðferðafræði fyrir eftirámat sé alla jafna hluti af tilhögun slíkra ráðstafana). Þegar engar matsrannsóknir liggja fyrir má eingöngu gera ráð fyrir hvatningaráhrifum skattalegra aðstoðarkerfa þegar um er að ræða stigvaxandi ráðstafanir.

70. Í þessu sambandi er unnt að meta arðsemina með því að notast með vísan til aðferðafræði sem á sannanlegan hátt er notuð af fyrirtækinu, sem nýtur aðstoðar, eða sem föst venja er að nota í atvinnugreininni sem um ræðir og sem felur í sér aðferðir til að meta hreint núvirði verk-efnisins ⁽⁴¹⁾, innri vexti ⁽⁴²⁾ eða meðalardsemi fjármagns sem notað er.
71. Ef aðstoð breytir ekki háttsemi aðstoðarþega með því að örva viðbótarstarfsemi á sviði rannsókna, þróunar og nýsköpunar hefur hún engin jákvæð áhrif í þá átt að stuðla að rannsóknum, þróun og nýsköpun á Evrópska efnahagssvæðinu. Aðstoð telst því ekki samrýmanleg framkvæmd EES-samningsins í tilvikum þar sem í ljós kemur að hægt er að stunda sömu starfsemi og hún yrði stunduð jafnvel án aðstoðar.
- 4.5. Umfang aðstoðar**
- 4.5.1. Almenn skilyrði**
72. Til þess að aðstoð á sviði rannsókna, þróunar og nýsköpunar teljist hæfileg að umfangi verður aðstoðarfjárhæðin að takmarkast við það lágmark sem þörf er á til að inna af hendi þá starfsemi sem nýtur aðstoðar.
- 4.5.1.1 Hámarksaðstoðarhlutföll**
73. Til að tryggja að umfang aðstoð sé í hlutfalli við markaðsbresti sem aðstoðinni er ætlað að taka á verður að ákvarða hana í tengslum við fyrirframskilgreindan aðstoðarhæfan kostnað og takmarka hana við hluta þessa fyrirframskilgreinda aðstoðarhæfa kostnaðar („aðstoðarhlutfall“). Ákvarða skal aðstoðarhlutfall fyrir hvern aðstoðarþega, einnig þegar um er að ræða samstarfsverkefni.
74. Til þess að tryggja fyrirsjáanleika og jafna aðstöðu fyrir alla beitir Eftirlitsstofnun EFTA hámarksaðstoðarhlutfalli vegna aðstoðar til rannsókna, þróunar og nýsköpunar sem fundið er út á grundvelli þriggja viðmiðana i) nálægðar aðstoðar við markað, sem mælikvarða á vænt neikvæð áhrif aðstoðarinnar og þörfina fyrir hana, að teknu tilliti til þess að búast má við hærri tekjum af starfsemi sem nýtur aðstoðar, ii) stærðar aðstoðarþega, sem mælikvarða á meiri vanda sem minni fyrirtæki eiga við að etja við að fjármagna áhættusamt verkefni; og iii) þess hversu mikill markaðsbrestur er svo sem vænt úthrif með tilliti til miðlunar þekkingar. Því er rétt að aðstoðarhlutföll séu almennt lægri þegar um er að ræða starfsemi sem tengist þróun og nýsköpun heldur en þegar um er að ræða rannsóknarstarfsemi.
75. Aðstoðarhæfur kostnaður fyrir sérhverja aðstoðarráðstöfun, sem er að finna í þessum leiðbeinandi reglum, er settur fram í I. viðauka. Þegar rannsókn- og þróunarstarfsemi er skipt í mismunandi verkþætti verður hver þáttur að falla undir einhvern flokkanna grunnrannsóknir, iðnaðarrannsóknir eða þróunarstarfsemi ⁽⁴³⁾. Til að flokka mismunandi tegundir starfsemi í viðeigandi flokka mun Eftirlitsstofnun EFTA byggja á eigin venjum svo og sértækum dæmum og skýringum sem er að finna í Frascati-handbók Efnahags- og framfarastofnunarinnar ⁽⁴⁴⁾.
76. Hámarkshlutföll aðstoðar sem almennt gilda um allar ráðstafanir á sviði rannsókna, þróunar og nýsköpunar sem eiga rétt á aðstoð eru sett fram í II. viðauka ⁽⁴⁵⁾.
77. Þegar um ræðir ríkisaðstoð til samstarfsverkefna rannsóknastofnana og fyrirtækja má samanlögð bein ríkisaðstoð og framlög, svo fremi að þau fela í sér aðstoð, rannsóknastofnana til sama verkefnis ekki fara yfir gildandi aðstoðarhlutföll fyrir sérhvert fyrirtæki sem nýtur aðstoðar.

⁽⁴¹⁾ Hreint núvirði verkefnis er mismunurinn á jákvæðu og neikvæðu sjóðstreymi á líftíma fjárfestingarinnar, reiknað til núvirdis (með því að nota fjármagnskostnað).

⁽⁴²⁾ Innri vextir byggjast ekki á bókfærðum hagnaði á tilteknu ári, heldur taka þeir mið af framtíðarsjóðstreymi sem fjárfestirinn væntir að fá á líftíma fjárfestingarinnar. Þeir eru skilgreindir sem afvöxtunarstuðull með hreint núvirði sjóðstreymis sem er jafnt og núll.

⁽⁴³⁾ Í þessu samhengi er ekki nauðsynlegt að láta tímaröð ráða á þann hátt að verkþáttur færast smám saman frá grunnrannsóknum til starfsemi sem stendur nær markaði. Þannig er ekkert því til fyrirstöðu að Eftirlitsstofnun EFTA flokki verkþátt, sem unnið er að á síðari stigum verkefnis, sem iðnaðarrannsóknir, þó að önnur starfsemi sem unnið er að á fyrri stigum, sé talin til þróunarstarfs eða teljist alls ekki til rannsókna.

⁽⁴⁴⁾ „Mælingar á vísinda- og tæknistarfi, tillögur að staðalframkvæmd kannana á rannsóknum og þróunarstarfi“, Frascati Manual, Efnahags- og framfarastofnunin, 2002, með áorðnum breytingum. Af hagnýtum ástæðum, og ef ekki er hægt að sýna fram á að rétt sé að nota annan mælikvarða í einstökum málum, má einnig líta svo á að mismunandi flokkar rannsókna og þróunar samsvari tæknilegum framþróunarstigum (e. Technology Readiness Levels) 1 (grunnrannsóknir), 2-4 (iðnaðarrannsóknir) og 5-8 (þróunarstarf) – sjá orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar til Evrópuþingsins, ráðsins, efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins og svæðanefndarinnar - „Áætlun Evrópu um stuðningstækni á lykilsviðum – Brú til vaxtar og atvinnu“, COM(2012) 341 lokagerð, 26.6.2012.

⁽⁴⁵⁾ Með fyrirvara um sérákvæði sem gilda um aðstoð á sviði rannsókna og þróunar í landbúnaðar- og sjávarútvegsgeiranum eins og mælt er fyrir um í hópundanþágureglugerðinni.

4.5.1.2 Endurgreiðsluskyld framlög

78. Ef EFTA-ríki veitir framlag sem skylt er að endurgreiða og telst vera ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins gilda reglurnar sem mælt er fyrir um í þessum hluta.
79. Geti EFTA-ríki sýnt fram á, með því að beita gildum aðferðum á grundvelli nægilegra sannreynanlegra gagna, að unnt sé að reikna vergt styrkígildi endurgreiðsluskyldra framlaga er því heimilt að tilkynna Eftirlitsstofnun um aðstoðarkerfi og aðferðafræðina sem það er byggt á. Ef stofnunin fellst á aðferðafræðina og telur kerfið samrýmanlegt gildandi reglum er heimilt að veita aðstoðina þannig að byggt sé á vergu styrkígildi endurgreiðsluskylda framlagsins allt að aðstoðarhlutföllunum sem mælt er fyrir um í II. viðauka.
80. Í öllum öðrum tilvikum er endurgreiðsluskyld framlag tilgreint sem hundradshluti af styrkhæfum kostnaði og má vera tíu prósentum hærra en gildandi hámarkshlutföll aðstoðar að því tilskildu að eftirfarandi skilyrðum sé fullnægt:
- a) ef góður árangur næst verður ráðstöfunin að fela í sér ákvæði þess efnis að framlagið skuli endurgreitt með vöxtum sem eru eigi lægri en afreiknivextir, sem fundnir eru út með því að beita aðferð Eftirlitsstofnunar EFTA um viðmiðunar- og afreiknivexti ⁽⁴⁶⁾,
 - b) reynist árangur betri en sú niðurstaða sem skilgreind er sem góður árangur skal hlutaðeigandi EFTA-ríki fara fram á greiðslur umfram endurgreiðslu á fjárhæð framlagsins að viðbættum vöxtum sem eru reiknaðir samkvæmt gildandi viðmiðunarvöxtum,
 - c) reynist árangur af verkefninu lítill sem enginn þarf ekki að endurgreiða framlagið að fullu. Ef verkefnið er árangursríkt að hluta til skal endurgreiðsla vera í réttu hlutfalli við árangurinn.
81. Til að Eftirlitsstofnun EFTA geti metið ráðstöfunina verða að fylgja henni skýr ákvæði um endurgreiðslu þegar verkefnið skilar góðum árangri þar sem skilmerkilega er tilgreint hvað teljist vera góður árangur á grundvelli eðlilegra og varfærnislegra forsendna.

4.5.1.3 Skattaráðstafanir

82. Aðstoðarhlutfall skattaráðstöfunar má, að svo miklu leyti sem hún felur í sér ríkisaðstoð, reikna annaðhvort á grundvelli einstakra verkefna eða, þegar litið er til heils fyrirtækis, sem hlutfallið á milli heildarfjárhæðar veitts skattafsláttar og samtölu styrkhæfs kostnaðar við rannsóknir, þróun og nýsköpun sem til hefur fallið á tímabili sem lengst má taka til þriggja fjárlagaára í röð. Í síðarnefnda tilvikinu má láta skattaráðstöfunina taka til hvers konar styrkhæfrar starfsemi en má ekki vera hærri en gildandi aðstoðarhlutfall fyrir þróunarstarfsemi á þessu sviði ⁽⁴⁷⁾.

4.5.1.4 Uppsöfnun aðstoðar

83. Sem stendur er heimilt að veita aðstoð á grundvelli ýmissa aðstoðarkerfa eða sameina sérstakri aðstoð enda fari heildarfjárhæð ríkisaðstoðar til starfsemi eða verkefnis ekki yfir aðstoðarhámarkin sem mælt er fyrir um í þessum leiðbeinandi reglum. Eins og bent er á í 9. lið felur fjármögnun ekki í sér ríkisaðstoð ef henni er stjórnað af stofnunum, skrifstofum, sameiginlegum fyrirtækjum eða öðrum stofnunum Evrópusambandsins sem eru ekki beint aða óbeint undir eftirliti EFTA-ríkjanna og því ber ekki að taka hana með í reikninginn. Ef slík fjármögnun er sameinuð ríkisaðstoð má samanlögð fjárhæð opinberrar fjármögnunar sem veitt er vegna sama aðstoðarhæfa kostnaðar hins vegar ekki fara yfir hagstæðustu fjármögnunarhlutföllin sem mælt er um í gildandi reglum EES-samningsins.
84. Ef útgjöld sem eru styrkhæf með tilliti til rannsókna, þróunar og nýsköpunar eru hugsanlega einnig styrkhæf að fullu eða að hluta til í öðrum tilgangi skal gilda um þann hluta sem sameiginlegur er það hámark sem er hagstæðara samkvæmt viðeigandi reglum.
85. Óheimilt er að veita aðstoð til rannsókna, þróunar og nýsköpunar jafnframt aðstoð á grundvelli minniháttarreglunnar vegna sömu styrkhæfu útgjalda ef það leiðir til þess að farið er yfir aðstoðarhlutfall sem er hærra en þau hlutföll sem mælt er fyrir um í þessum leiðbeinandi reglum.

⁽⁴⁶⁾ Sjá leiðbeinandi reglur Eftirlitsstofnunar EFTA um viðmiðunar- og afreiknivexti (Stjtið. ESB L 105, 21.4.2011, bls. 32 og EES-viðbætur nr. 23, 21.4.2011, bls. 1).

⁽⁴⁷⁾ Ef skattaráðstöfun greinir á milli ólíkra flokka rannsókna og þróunar er ekki heimilt að fara yfir viðeigandi aðstoðarhlutföll.

4.5.2. Viðbótarskilyrði fyrir stakri aðstoð

86. Þegar um er að ræða staka tilkynningarskylda aðstoð nægir það ekki eitt og sér að fyrirframskilgreind hámarksaðstoðarhlutföll séu virt til þess að tryggja að hún sé hæfileg að umfangi.
87. Til að þess að sýna fram á að aðstoð sé hæfileg er almenna reglan sú að Eftirlitsstofnun EFTA mun ganga úr skugga um að fjárhæð hennar fari ekki yfir það lágmark sem nauðsynlegt er til að verkefnið, sem aðstoðar nýtur, verði nægilega arðbært, til dæmis með að gera það kleift að ná fram innri ávöxtun sem samsvarar sérstakri viðmiðunarávöxtun eða lágmarksávöxtun atvinnugreinarinnar eða fyrirtækisins. Eðlileg ávöxtun sem aðstoðarþegi gerir kröfu um í öðrum verkefnum á sviði rannsókna, þróunar og nýsköpunar, fjármagnskostnaður hans í heild eða algeng ávöxtun í viðkomandi atvinnugrein má einnig nota í þessum tilgangi. Taka skal með í reikninginn allan áætlaðan viðkomandi kostnað og ágóða á líftíma verkefnisins, þar með talinn kostnað og tekjur sem verða til í tengslum við starfsemi á sviði rannsókna, þróunar og nýsköpunar.
88. Þegar hægt er að sýna fram á, til dæmis með innanhússkjölum, að aðstoðarþegi á augljóslega val um það hvort hann ræðst í verkefni, sem nýtur aðstoðar, eða í annað verkefni, sem ekki nýtur aðstoðar, verður aðstoðin ekki talin takmarkast við lágmark nema fjárhæðin fari ekki yfir hreinan viðbótarkostnað við að hrinda í framkvæmd viðkomandi starfsemi samanborið við það sem myndi gerast ef ráðist væri í verkefni sem ekki nyti aðstoðar. Til þess að reikna hreinan viðbótarkostnað mun Eftirlitsstofnun EFTA bera saman vænt hreint núvirði fjárfestingarinnar í styrkta verkefninu og staðleysuverkefninu að teknu tilliti til þess hversu miklar líkur séu á því að ólíkar viðskiptasviðsmyndir eigi sér stað ⁽⁴⁸⁾.
89. Þegar aðstoð er veitt til rannsókna- og þróunarverkefna eða til smíði eða endurnýjun á rannsóknainnviðum og Eftirlitsstofnun EFTA getur sýnt fram á, á grundvelli aðferðafræðarinnar sem mælt er fyrir um í 87. eða 88. lið, að aðstoðin takmarkist algerlega við nauðsynlegt lágmark má heimila hærri hámarksaðstoðarhlutföll en þau sem mælt er fyrir um í II. viðauka allt upp að þeim mörkum sem sett eru fram í eftirfarandi töflu.

	Lítið fyrirtæki	Meðalstórt fyrirtæki	Stórt fyrirtæki
Aðstoð til rannsókna- og þróunarverkefna			
Grunnrannsóknir	100%	100%	100%
Hagnýtar rannsóknir	80%	70%	60%
– með fyrirvara um skilvirkt samstarf milli fyrirtækja (þegar um ræðir stórt fyrirtæki: samstarf yfir landamæri eða við eitt lítið eða meðalstórt fyrirtæki hið minnsta) eða milli fyrirtækis og rannsóknastofnunar, eða	90%	80%	70%
– með fyrirvara um viðfeðma dreifingu niðurstaðna			
Aðstoð til smíði eða endurnýjunar á innviðum rannsókna	60%	60%	60%

90. Til að sýna fram á að aðstoðin sé takmörkuð við nauðsynlegt lágmark verða EFTA-ríkin að útskýra hvernig aðstoðarfjárhæðin var fundin út. Einnig er hægt að nota skjöl og útreikninga sem notuð voru til að greina hvatningaráhrif til að meta hvort aðstoðin er hæfileg að umfangi. Að því marki sem þörfin fyrir aðstoð sem greind hefur verið tengist fremur erfiðleikum við að fá lánsfjármögnun á markaði en ófullnægjandi arðsemi getur sérstaklega hentug aðferð til að tryggja að aðstoð sé takmörkuð við lágmark verið að veita aðstoðina í formi lána, ábyrgða eða endurgreiðsluskylds framlags í stað þess að veita aðstoð sem ekki þarf að endurgreiða, á borð við styrkveitingu.
91. Ef fleiri umsækjendur en einn koma mögulega til greina til að annast aðstoðarhæfa starfsemi er líklegra að hlutfallskröfunni sé fullnægt ef aðstoðin er veitt á grundvelli gagnsærra og hlutlægra viðmiðana, án mismununar.
92. Til að bregðast við beinni eða óbeinni röskun í milliríkjavíðskiptum, raunverulegri eða hugsanlegri, má leyfi hærri aðstoðarhlutföll en heimilt er að jafnaði samkvæmt þessum leiðbeinandi reglum ef keppinautar, sem starfa utan Evrópska efnahagssvæðisins, hafa næstliðin þrjú ár notið eða

⁽⁴⁸⁾ Í tilteknu tilviki þar sem aðstoð gerir einfaldlega kleift að hraða verklokum ætti samanburðurinn aðallega að endurspegla mismunandi tímaramma með tilliti til sjóðstreymis og tafa á markaðssetningu.

munu njóta, beint eða óbeint, aðstoðar samkvæmt jafnháu aðstoðarhlutfalli vegna sambærilegra verkefna. Heimilt er þó að lengja viðmiðunartímabilið sé ástæða til að ætla, með hliðsjón af eðli viðkomandi atvinnugreinar, að röskun á milliríkjavíðskiptum komi fram eftir lengri tíma en þrjú ár. Ef því verður við komið skal hlutaðeigandi EFTA-ríki útvega Eftirlitsstofnun EFTA nægilegar upplýsingar til að hún geti metið aðstæður, einkum hvort nauðsynlegt er að taka tillit til samkeppnisyfirburða keppinautar í landi utan Evrópska efnahagssvæðisins. Ef stofnunin hefur ekki undir höndum gögn um aðstoð, sem veitt hefur verið eða áformað er að veita, getur hún einnig byggt ákvörðun sína á líkum.

93. Við öflun gagna getur Eftirlitsstofnun EFTA notað rannsóknarheimildir sínar ⁽⁴⁹⁾.

4.6. **Komið í veg fyrir ótilhlýðileg, neikvæð áhrif á samkeppni og viðskipti**

4.6.1. *Almenn atriði*

94. Til þess að aðstoð til rannsókna, þróunar og nýsköpunar samrýmist framkvæmd EES-samningsins verða neikvæð áhrif aðstoðarráðstöfunarinnar í formi samkeppnisröskunar og áhrifa á viðskipti milli EFTA-ríkjanna að vera takmörkuð og jákvæð áhrif, í formi þess að ná fram markmiði um sameiginlega hagsmuni, að vega þau upp.

95. Eftirlitsstofnun EFTA greinir tvenns konar mikilvæga röskun sem getur orðið á samkeppni og viðskiptum milli EFTA-ríkjanna af völdum aðstoðar til rannsókna, þróunar og nýsköpunar, það er röskun á vörumarkaði og áhrif af staðsetningu. Hvortveggja getur leitt til óskilvirkni við ráðstöfun fjármuna, sem grefur undan efnahagslegum árangri Evrópska efnahagssvæðisins og til dreifingarvanda á þann hátt að aðstoðin hefur áhrif á það hvernig atvinnustarfsemi skiptist milli svæða.

96. Að því er varðar áhrif á vörumarkaði getur aðstoð til rannsókna, þróunar og nýsköpunar haft áhrif á samkeppni á nýsköpunarstigi og á vörumörkuðum þar sem árangur af rannsóknum, þróun og nýsköpun er hagnýttur.

4.6.1.1 *Áhrif á vörumarkaði*

97. Aðstoð til rannsókna, þróunar og nýsköpunar getur raskað samkeppni á nýsköpunarstigi og á vörumörkuðum í þrjú mismunandi vegu, það er með því draga úr möguleikum fyrirtækja til að komast inn á markaðinn og fara út af markaðinum, raska virkum hvötum til fjárfestinga og með því að auka eða viðhalda markaðsstyrk.

i) Dregið úr möguleikum fyrirtækja til að fara inn á markað og út af honum

98. Aðstoð til rannsókna, þróunar og nýsköpunar getur komið í veg fyrir að gangkerfi markaðarins umbuni skilvirkustu framleiðendunum og þrýsti á þá óskilvirkustu að bæta sig, endurskipuleggja starfsemi sína eða fara út af markaði. Þá gæti komið upp sú staða, að vegna veittrar aðstoðar, yrðu keppinautar, sem ella gætu verið áfram á markaði, þvingaðir út af honum eða kæmust yfir höfuð aldrei inn á hann. Einnig gæti ríkisaðstoð komið í veg fyrir að fyrirtæki sem starfa ekki sem skyldi fari út af markaði eða jafnvel hvatt þau til að fara inn á hann og ná markaðshlutdeild af annars skilvirkari keppinautum sínum. Ef aðstoð til rannsókna, þróunar og nýsköpunar er ekki nógu hnitmiðuð getur hún því styrkt óskilvirk fyrirtæki og leitt til markaðsskipulags þar sem margir aðilar starfa á verulega óskilvirkum hátt. Til lengri tíma lítið geta afskipti af samkeppnisferlinu við að koma inn á markað og fara út af honum hamlað nýsköpun og hægt á umbótum í framleiðni í öllum iðnaðinum.

ii) Röskun á virkum hvötum

99. Aðstoð til rannsókna, þróunar og nýsköpunar getur raskað virkum hvötum til fjárfestinga af hálfu keppinauta þeirra sem njóta aðstoðar. Þegar fyrirtæki fær aðstoð eykur það yfirleitt líkurnar á góðum árangri á sviði rannsókna, þróunar og nýsköpunar og stuðlar þannig að sterkari stöðu þess á viðkomandi vörumarkaði eða -mörkuðum þegar fram í sækir. Sterkari staða af þessu tagi getur valdið því að keppinautar dragi úr fyrirhuguðum fjárfestingum (ruðningsáhrif).

⁽⁴⁹⁾ Sjá reglugerð ráðsins (ESB) nr. 734/2013 frá 22. júlí 2013 (Stjtið. ESB L 204, 31.7.2013, bls. 15), sem hefur ekki enn verið felld inn í EES-samninginn og 6. gr. II. hluta samningsins um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls.

100. Enn fremur getur aðgangur að aðstoð gert mögulega aðstoðarþega andvaralausa eða áhættusæknari. Langtímaáhrif á heildarstarfsemi starfsgreinarinnar eru líkleg til að verða neikvæð. Aðstoð til rannsókna, þróunar og nýsköpunar getur því, ef hún er ekki nógu hnitmiðuð, styrkt óskilvirk fyrirtæki og leitt til markaðsfyrirkomulags þar sem margir markaðsaðilar starfa langt undir eðlilegri getu sinni.

iii) Markaðsstyrkur aukinn eða honum viðhaldið

101. Aðstoð til rannsókna, þróunar og nýsköpunar getur einnig haft röskunaráhrif með því að auka eða viðhalda markaðsstyrk á vörumörkuðum. Markaðsstyrkur er styrkur til að stýra verði á markaði, framleiðslu, úrvali eða gæðum vöru og þjónustu eða öðrum samkeppnisþáttum á markaði um alllangt skeið þannig að neytendur hljóta tjón af. Jafnvel þótt aðstoð auki ekki markaðsstyrk beint getur hún gert það óbeint með því að letja keppinauta sem fyrir eru á markaði til að auka umsvif sín eða stuðla að útgöngu þeirra af markaði eða letja nýja keppinauta til a koma inn á markaðinn.

4.6.1.2 Áhrif á viðskipti og val á staðsetningu

102. Ríkisaðstoð til rannsókna, þróunar og nýsköpunar getur einnig leitt til röskunar á samkeppni þegar hún hefur áhrif á val á staðsetningu. Slík röskun getur orðið hvar sem er í EFTA-ríkjunum, annaðhvort þegar fyrirtæki eiga í samkeppni yfir landamæri eða ihuga aðrar staðsetningar. Aðstoð sem miðar að því að flytja starfsemi á annað svæði á Evrópska efnahagssvæðinu þarf ekki að hafa í för með sér beina röskun á vörumarkaði en hún færir starfsemi eða fjárfestingar úr stað frá einu svæði til annars.

4.6.1.3 Greinileg neikvæð áhrif

103. Að meginreglu til þarf að greina aðstoðarráðstöfun og í hvaða samhengi hún er notuð til að ákvarða að hve miklu leyti hún geti talist raska samkeppni. Í ákveðnum aðstæðum er þó hægt að greina hvar neikvæð áhrif vega greinilega þyngra en jákvæð áhrif, þannig að aðstoðin getur ekki talist samrýmanleg framkvæmd EES-samningsins.
104. Með tilliti til almennra meginreglna EES-samningsins getur ríkisaðstoð einkum ekki talist samrýmanleg framkvæmd EES-samningsins ef hún hefur í för með sér mismunun að því marki sem ekki er hægt að réttlæta einmitt vegna eiginleika hennar sem ríkisaðstoðar. Eins og greint er frá í 3. kafla mun Eftirlitsstofnun EFTA ekki leyfa neina ráðstöfun ef hún eða skilyrði sem henni fylgja hafa óhjákvæmilega í för með sér brot á EES-samningnum. Þetta á einkum við þegar um er að ræða aðstoðarráðstafanir sem gerðar eru með þeim fyrirvara að aðstoðarþegi hafi höfuðstöðvar sínar í viðkomandi EFTA-ríki (eða mikilvægasta aðsetur í því EFTA-ríki) eða noti innlendar vörur eða þjónustu, og jafnframt þegar um er að ræða aðstoðarráðstafanir sem takmarka möguleika aðstoðarþega til þess að hagnýta niðurstöður rannsókna, þróunar og nýsköpunar í öðrum EES-ríkjum.
105. Á sama hátt mun aðstoð sem aðeins verður til þess að starfsemi á sviði rannsókna, þróunar og nýsköpunar er einfaldlega flutt til annars staðar á Evrópska efnahagssvæðinu án þess að breyta eiginleikum verkefnisins, stærð þess eða umfangi ekki vera talin samrýmanleg.

4.6.2. *Aðstoðarkerfi*

106. Til þess að tilkynningarskyld aðstoðarkerfi séu samrýmanleg framkvæmd EES-samningsins mega þau ekki valda verulegri röskun á samkeppni og viðskiptum. Jafnvel þótt röskun geti talist vera takmörkuð þegar um stakt tilvik er að ræða (að því tilskildu að aðstoðin sé nauðsynleg og hlutfallsleg til að ná sameiginlegu markmiði) getur samansafn aðstoðarkerfa eigi að síður leitt til mikillar röskunar. Slík röskun getur til dæmis orðið í kjölfar aðstoðar sem hefur neikvæð áhrif á virka hvata til nýsköpunar af hálfu keppinauta. Þegar um er að ræða kerfi sem leggur áherslu á tiltekna starfsgreinar er hættan á þess háttar röskun jafnvel enn meiri.
107. Með fyrirvara um 122. lið verða EFTA-ríkin því að sýna fram á að hvers konar neikvæð áhrif takmarkist við lágmark, meðal annars með tilliti til stærðar viðkomandi verkefnis, fjárhæða stakrar og uppsafnaðra aðstoðar, fjölda væntra aðstoðarþega, svo og séreinkenna starfsgreinnanna sem aðstoðin beinist að. Til þess að gera Eftirlitsstofnun EFTA kleift að meta líkleg, neikvæð áhrif af tilkynningarskyldum aðstoðarkerfum geta EFTA-ríkin lagt fram hvert það mat á áhrifum, ásamt eftirámati sem hefur verið gert fyrir sambærileg eldri kerfi.

4.6.3. Viðbótarskýrði fyrir stakri aðstoð

4.6.3.1 Röskun á vörumörkuðum

108. Hvað varðar staka tilkynningarskylda aðstoð ber EFTA-ríkjunum að leggja fram gögn, sem gera Eftirlitsstofnun EFTA kleift að greina og meta mögulega röskun á samkeppni og viðskiptum, um i) viðkomandi vörumarkaði, það er að segja, vörur sem breyting á hegðun aðstoðarþega hefur áhrif á, og um ii) keppnauta og viðskiptavini eða neytendur sem verða fyrir áhrifum.
109. Við mat á neikvæðum áhrifum aðstoðarráðstöfnunar mun greining Eftirlitsstofnunar EFTA á röskun á samkeppni einkum snúast um fyrirsjáanleg áhrif aðstoðar til rannsókna, þróunar og nýsköpunar á samkeppni milli fyrirtækja á viðkomandi vörumörkuðum. Stofnunin mun huga meira að hættunni á óæskilegum áhrifum á samkeppni og viðskipti sem vitað er af í fyrirsjáanlegri framtíð og með umtalsverðri vissu.
110. Að því marki sem sérstök nýsköpunarstarfsemi tengist fleiri vörumörkuðum í framtíðinni verða áhrifin af ríkisaðstoð skoðuð á öllum viðkomandi mörkuðum. Í vissum tilvikum eru sjálfar niðurstöður rannsókna, þróunar og nýsköpunar, til að mynda í formi hugverkaréttinda, seldar á tæknimörkuðum, til dæmis með einkaleyfissamningum eða í viðskiptum. Í þeim tilvikum kann Eftirlitsstofnun EFTA einnig að huga að áhrifum aðstoðarinnar á samkeppni á tæknimörkuðum.
111. Eftirlitsstofnun EFTA mun nota margvíslegar viðmiðanir til að meta hugsanlega röskun á samkeppni, svo sem röskun á virkum hvötum, myndun eða viðhald markaðsstyrks og viðhald óskilvirks markaðsskipulags.

i) Röskun á virkum hvötum

112. Eftirlitsstofnun EFTA mun í greiningu sinni á mögulegri röskun á virkum hvötum hafa hliðsjón af eftirfarandi atriðum, sem eru:
- *Markaðsvöxtur*: Þeim mun meiri vöxtur sem vænta má að verði á markaðinum í framtíðinni þeim mun ólíklegri er að aðstoðin hafi neikvæð áhrif á hvata keppnauta, að því gefnu að nóg tækifæri gefist til að þróa arðbær viðskipti.
 - *Aðstoðarfjárhæð*: Aðstoðarfjárhæðir, sem fela í sér verulega háa styrki, auka líkurnar á umtalsverðum ruðningsáhrifum. Til þess að áætla hvort aðstoðarfjárhæðin er verulega há verður tekið mið af þeirri fjárhæð sem helstu aðilar á markaði verja til sambærilegra verkefna.
 - *Nálægð við markað/tegund aðstoðar*: Því sterkari sem tenging aðstoðarráðstöfnunar er við starfsemi nálægt markaði þeim mun líklegar er að ruðningsáhrif verði umtalsverð.
 - *Opin valaðferð*: Afstaða Eftirlitsstofnunar EFTA til aðstoðar verður jákvæðari ef hún er veitt samkvæmt viðmiðum sem eru gagnsæ, hlutlæg og án mismununar.
 - *Hindranir gegn því að hætta þátttöku*: Ef verulegar hindranir eru í vegi fyrir því að hætta þátttöku í nýsköpunarferlinu eykur það líkurnar á að keppnautar haldi fast við fyrirhugaðar fjárfestingar sínar, eða auki þær jafnvel. Þannig getur staðið á þegar margar ef eldri fjárfestingum keppnautanna eru fastar í tilteknu ferli rannsókna, þróunar og nýsköpunar.
 - *Hvatar til að keppa um væntanlegan markað*: Aðstoð til rannsókna, þróunar og nýsköpunar getur leitt til þeirrar stöðu að keppnautar aðstoðarþegans falli frá því að keppa um væntanlegan markað, þar sem hlutskarpasti keppnauturinn fær allt í sinn hlut, vegna þess að ávinningurinn af aðstoðinni, þegar litið er til tæknilegs forskots, stærðarhagkvæmni, nettengslaáhrifa eða tímasetningar dregur úr möguleikum þeirra á því að þeir geti mögulega átt árangursríka innkomu á þennan markað.
 - *Aðgreinanlegar vörur og samkeppnisstig*: Ef nýsköpun á sviði vöruframleiðslu snýst fremur um að þróa aðgreinanlegar vörur, til að mynda vörur sem unnt er að tengja ákveðnum vörumerkjum, stöðlum, tækni eða neytendahópum, dregur það úr líkunum á áhrifum á keppnauta. Hið sama á við ef margir virkir keppnautar eru á markaðinum.

ii) Markaðsstyrkur aukinn eða honum viðhaldið

113. Eftirlitsstofnun EFTA hefur einkum áhyggjur af þeim ráðstöfunum á sviði rannsókna, þróunar og nýsköpunar sem gera aðstoðarþega kleift að efla markaðsstyrk sinn á fyrirbyggjandi vörumörkuðum

eða yfirfæra á nýja vörumarkaði. Af þeim sökum er ólíklegt að stofnunin muni gera athugasemdir um samkeppnismál er varða markaðsstyrk á mörkuðum þar sem markaðshlutdeild hvers aðstoðarþega er minni en 25% og á mörkuðum þar sem gildi samþjöppunar á markaði samkvæmt Herfindahl-Hirschman-stuðli (HHS) er lægra en 2000.

114. Eftirlitsstofnun EFTA mun hafa eftirtalin atriði til hliðsjónar í greiningu á markaðsstyrk, sem eru:
- *Markaðsstyrkur aðstoðarþega og markaðsgerð*: Ef aðstoðarþegi er þegar ráðandi á vörumarkaði getur aðstoðarráðstöfunin styrkt þá ráðandi stöðu með því að veikja enn frekar það samkeppnisaðhald sem keppinautar geta veitt fyrirtækinu sem nýtur aðstoðarinnar. Með svipuðum hætti getur ríkisaðstoð haft veruleg áhrif á fákeppnismörkuðum þar sem aðeins fá fyrirtæki eru virk.
 - *Aðgangshindranir*: Á sviði rannsókna, þróunar og nýsköpunar geta nýir markaðsþátttakendur mætt verulegum markaðshindrunum. Meðal slíkra hindrana eru lagalegar aðgangshindranir (einkum þær sem varða hugverkaréttindi), stærðarhagkvæmni og samlegðaráhrif, hindranir við aðgangi að netum og grunnvirkjum og aðrar tæknilegar aðgangs- eða stækkunarhindranir.
 - *Kaupendastyrkur*: Markaðsstaða kaupenda getur einnig takmarkað markaðsstyrk fyrirtækis. Ef öflugir kaupendur eru fyrir hendi getur það vegið á móti þeirri niðurstöðu að um sterka markaðsstöðu sé að ræða ef líkur eru á að kaupendurnir muni leitast við að viðhalda nægilegri samkeppni á markaðinum.
 - *Valaðferð*: Ef aðstoðarráðstafanir gera fyrirtækjum með sterka markaðsstöðu kleift að hafa áhrif á valaðferðina, til að mynda á þann hátt að þau eigi rétt á að mæla með tilteknum fyrirtækjum eða geti haft áhrif á rannsóknarleiðina á þann hátt að það bitni á öðrum hugsanlegum leiðum án réttmætra ástæðna, er sennilegt að Eftirlitsstofnun EFTA geri athugasemdir við það.

iii) Óhagkvæmri markaðsgerð viðhaldið

115. Eftirlitsstofnun EFTA mun í greiningu sinni á markaðsgerð taka til athugunar hvort aðstoðin er veitt á mörkuðum sem búa við umframframleiðslugetu eða í hnignandi atvinnugreinum. Minni líkur eru á að athugunarefni komi upp ef aðstæður eru þannig að líklegt sé að ríkisaðstoð til rannsókna, þróunar og nýsköpunar breyti vaxtarskilyrðum greinarinnar í heild, einkum með því að innleiða nýja tækni.

4.6.3.2 Áhrif á staðsetningu

116. Ef aðstoð til rannsókna, þróunar og nýsköpunar er veitt nálægt markaðinum getur það orðið til þess að sum svæði njóti hagstæðari skilyrða fyrir framleiðslu í kjölfarið, einkum vegna þess að framleiðslukostnaður er hlutfallslega lægri vegna aðstoðarinnar eða vegna þess að aðstoðin leiðir til aukinnar starfsemi á sviði rannsókna, þróunar og nýsköpunar. Þetta getur orðið til þess að fyrirtæki flytji starfsemi sína til þessara svæða.
117. Áhrif á staðsetningu getur einnig skipt máli fyrir rannsóknainnviði. Ef aðstoð er aðallega notuð til að laða að innvirki til tiltekins svæðis á kostnað annars, stuðlar hún ekki að því að efla frekar starfsemi á sviði rannsókna, þróunar og nýsköpunar á Evrópska efnahagssvæðinu.
118. Eftirlitsstofnun EFTA mun í greiningu sinni á tilkynningarskyldri stakri aðstoð því taka til greina allar vísbendingar um hvort aðstoðarþegi hafi íhugað aðra staðsetningu.

4.7. Gagnsæi

119. Með fyrirvara um staka aðstoð undir 500 000 evrum verða EFTA-ríkin að birta frá 1. júlí 2016 að minnsta kosti eftirfarandi upplýsingar um tilkynntar ríkisaðstoðarráðstafanir á alhliða vefsetri fyrir ríkisaðstoð, innlendu eða svæðisbundnu: heildartexta aðstoðarkerfisins og ákvæði um framkvæmd þess, eða lagagrunn fyrir stakri aðstoð, eða tengil á hann; tilgreiningu á stofnuninni sem veitir aðstoðina; tilgreiningu á einstökum aðstoðarþegum; form og fjárhæð veittrar aðstoðar til sérhvers aðstoðarþega; dagsetningu úthlutunar; tegund aðstoðarþega (lítið og meðalstórt fyrirtæki eða stórt fyrirtæki); svæðið þar sem aðstoðarþegi er með starfsemi (á hagskýrslusvæði

á 2. stigi)⁽⁵⁰⁾; og helstu atvinnugreinina þar sem aðstoðarþegi er með starfsemi sína (eftir flokki í NACE)⁽⁵¹⁾. Birta verður slíkar upplýsingar innan sex mánaða frá því að ákvörðun um úthlutun hefur verið tekin, eða innan eins árs frá dagsetningu skattframtals, þær verður að varðveita í að minnsta kosti tíu ár og almenningur verður að hafa óhindraðan aðgang að þeim⁽⁵²⁾.

5. Mat

120. Til að tryggja enn frekar að röskun á samkeppni og viðskiptum sé takmörkuð getur Eftirlitsstofnun EFTA gert kröfu um að tilkynningarskyld aðstoðarkerfi séu háð tímatakmörkunum og heyrir undir matið sem um getur í 37. lið. Mat ber einkum að leggja á kerfi þar sem hugsanleg röskun er sérstaklega mikil, það er að segja þau sem geta takmarkað samkeppni umtalsvert ef framkvæmd þeirra er ekki endurskoðuð tímanlega.
121. Þegar markmiðin með matinu eru höfð í huga og til þess að leggja ekki óhóflega byrði á EFTA-ríkin að því er varðar litlar aðstoðarfjárhæðir gildir krafan, sem um getur í 120. lið, aðeins um aðstoðarkerfi með mikil fjárráð, sem brydda upp á nýjungum eða þegar umtalsverðar breytingar á markaði, tækni og regluverki eru fyrir séðar. Matið verður að vera í höndum sérfræðings, sem er óháður stofnuninni sem veitir aðstoðina, og byggjast á sameiginlegri aðferðafræði⁽⁵³⁾ og gert aðgengilegt almenningi. EFTA-ríkin skulu leggja fram drög að mati ásamt viðkomandi aðstoðarkerfi sem verður órjúfanlegur hluti af mati Eftirlitsstofnunar EFTA á kerfinu.
122. Þegar um er að ræða aðstoðarkerfi sem eru útilokuð gildissviði reglugerðarinnar um hópundanþágu eingöngu vegna þess að þau hafa mikil fjárráð mun Eftirlitsstofnun EFTA eingöngu meta samrýmanleika þeirra á grundvelli matsáætlunar.
123. Senda verður matið til Eftirlitsstofnunar EFTA nægilega tímanlega til að unnt sé að meta hvort aðstoðarkerfið verði hugsanlega framlengt og, hvað sem öðru líður, þegar gildistími kerfisins rennur út. Nákvæmt gildissvið matsins, sem gera á, og aðferðafræðin verða skilgreind í ákvörðuninni um samþykkt aðstoðarkerfisins. Allar síðari tíma aðstoðarráðstafanir, sem um getur í 122. lið, með sambærilegt markmið verða að hafa hliðsjón af niðurstöðu matsins.

6. Skýrslugjöf og vöktun

124. Í samræmi við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól og samsteypa útgáfu ákvörðunar Eftirlitsstofnunar EFTA nr. 195/04/COL⁽⁵⁴⁾, ber EFTA-ríkjunum að senda Eftirlitsstofnun EFTA árlega skýrslu.
125. EFTA-ríkin verða að halda ítarlegar skrár yfir allar aðstoðarráðstafanir. Slíkar skrár skulu innihalda allar upplýsingar sem eru nauðsynlegar til að staðfesta að skilyrðum um aðstoðarhæfan kostnað hafi verið fullnægt. Skýrslur þessar skulu varðveittar í tíu ár eftir að aðstoðin er veitt og afhent Eftirlitsstofnun EFTA þegar eftir því er leitað.

7. Gildissvið

126. Eftirlitsstofnun EFTA mun beita meginreglunum sem settar eru fram í þessum leiðbeinandi reglum til að meta samrýmanleika allrar aðstoðar á sviði rannsókna, þróunar og nýsköpunar sem tilkynnt hefur verið um og sem hún er beðin um að taka ákvörðun um eftir að þær hafa verið samþykktar. Ólögmat aðstoð til rannsókna, þróunar og nýsköpunar verður metin með hliðsjón af þeim reglum sem voru í gildi á þeim tíma þegar aðstoðin var veitt.

⁽⁵⁰⁾ Hugtakið „hagskýrslusvæði“ er notað í stað skammstöfunarinnar „NUTS“ í samsvarandi leiðbeiningum framkvæmdastjórnarinnar. NUTS er dregið af heitinu „Nomenclature of Territorial Units for Statistics“ (Flokkun hagskýrslusvæða) samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1059/2003 frá 26 maí 2003 um að taka upp sameiginlega flokkun hagskýrslusvæða (NUTS) (Stjtið. ESB L 154, 21.6.2003, bls. 1). Reglugerð þessi hefur ekki enn verið felld inn í EES-samninginn. Hagstofa Evrópusambandsins, Eurostat, hagstofur umsóknarlandanna og EFTA hafa samt sem áður orðið ásáttar um að koma á sambærilegum hagskýrslusvæðum og eru í NUTS-flokkuninni vegna síaukinnar eftirspurnar eftir hagskýrsluupplýsingum á svæðavísu.

⁽⁵¹⁾ Undanskilin eru viðskiptaleyndarmál og aðrar trúnaðarupplýsingar í vel rökstuddum tilvikum og með fyrirvara um samning Eftirlitsstofnunar EFTA (sjá leiðbeinandi reglur Eftirlitsstofnunar EFTA um þagnarskyldu í tengslum við ákvarðanir um ríkisaðstoð (sjá Stjtið. ESB L 154, 8.6.2006, bls. 27 og EES-viðbæti nr. 29, 8.6.2006, bls. 1)). Að því er varða ráðstafanir í skattamálum er hægt að veita upplýsingar um stakar aðstoðarfjárhæðir innan eftirfarandi marka (í milljónum evra): [0,5-1]; [1-2]; [2-5]; [5-10]; [10-30]; [30 og þar yfir].

⁽⁵²⁾ Þegar um ólögmat aðstoð er að ræða verður gerð sú krafa að EFTA-ríkin tryggi að sömu upplýsingar séu birtar eftir á, að minnsta kosti sex mánuðum eftir ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA. Þessar upplýsingar skulu tiltækar á formi sem gerir kleift að leita, velja og birta auðveldlega á Netinu t.d. á CSV- eða XML-formi.

⁽⁵³⁾ Eftirlitsstofnun EFTA kann að koma fram með slíka sameiginlega aðferðafræði.

⁽⁵⁴⁾ Hægt að nálgast á: <http://www.eftasurv.int/media/decisions/195-04-COL.pdf>

127. Eftirlitsstofnun EFTA leggur því til við EFTA-ríkin, í samræmi við 1. mgr. 1. gr. I. hluta bókunar 3 við EES-samninginn að þau breyti, ef nauðsyn krefur, þeim aðstoðarkerfum á sviði rannsókna, þróunar og nýsköpunar sem eru við lýði svo þau samrýmist þessum leiðbeinandi reglum og eigi síðar en 1. janúar 2015.
128. Því er beint til EFTA-ríkjanna að þau gefi til kynna skýrt og fyrirvaralaust samþykki sitt við þeim ráðstöfunum sem lagðar eru til í 127. lið áður en tveir mánuðir eru liðnir frá útgáfudegi þessa kafla ⁽⁵⁵⁾. Berist ekki svar frá einhverju EFTA-ríkjanna mun Eftirlitsstofnun EFTA líta svo á að hlutaðeigandi EFTA-ríki hafi ekki samþykkt áformaðar ráðstafanir.

8. Endurskoðun

129. Eftirlitsstofnun EFTA getur ákveðið að endurskoða eða breyta þessum leiðbeinandi reglum hvenær sem vera skal ef slíkt skyldi reynast nauðsynlegt af ástæðum sem varða stefnu í samkeppnismálum eða í því skyni að taka til greina aðrar EES-reglur og milliríkjaskuldbindingar eða af öðrum réttmætum ástæðum.

⁽⁵⁵⁾ Sjá <http://www.eftasurv.int/state-aid/legal-framework/state-aid-guidelines/>

I. VIÐBÆTUR – AÐSTOÐARHÆFUR KOSTNAÐUR

